

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 23. mars 2023

Mál nr. S-5282/2022:

Héraðssaksóknari

(Sigrún Inga Guðnadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X,

(Páll Kristjánsson lögmaður)

Y,

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður)

Gabriel Douane Boama,

(Lilja Margrét Olsen lögmaður)

Z og

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

Þ

(Ólöf Heiða Guðmundsdóttir lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febrúar sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 10. nóvember 2022, á hendur X, kt. [...], [...], [...], Y, kt. [...], [...], Reykjavík, Gabriel Douane Boama, kt. [...], [...], Reykjavík, Z, kt. [...], [...], [...], og Þ, kt. [...], [...], Reykjavík, „fyrir eftirtalin brot:

I.

Gegn öllum ákærðu fyrir eftirfarandi brot gegn almennum hegningarlögum og vopnalögum, miðvikudaginn 13. janúar 2021, í og við [...], [...], Reykjavík, sem hér segir:

1. Gegn ákærðu X og Z fyrir líkamsárás, með því að hafa í sameiningu inni á salernum og fyrir utan þau á 2. hæð [...] ráðist með ofbeldi að Þ og m.a. kýlt hann ítrekað með kreptum hnefa í andlit og búk, allt með þeim afleiðingum að Þ hlaut brot á vanga- og kinnkjálkabeinum, mar og yfirborðsáverka í andliti og mar á höndum og mjöðm.

Telst háttsemi ákærðu varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Gegn ákærða P fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa á sama tíma og frá greinir í tölulið 1. slegið Z ítrekað með skralli, sem vó samtals 508,05 grömm og var 23,7 sentimetrar að lengd, í höfuð og búk með þeim afleiðingum að Z hlaut 10 sentimetra langan skurð gegnum húð á hnakka, mar á brjóstkassa og yfirborðsáverka á hálsi.

Telst háttsemi ákærða varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Gegn ákærðu Gabríel Douane fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og P fyrir líkamsárás sem hér nánar greinir. Gegn ákærða Gabríel Douane með því að hafa slegið tvívegis með hafnaboltakylfu, sem vó samtals 825 grömm og var 81 sentimetrar að lengd, í áttina að Z og framhaldinu slegið A, kt. [...], fjórum sinnum með kylfunni í framhandlegg við olnboga og í vinstri ökkla fyrir utan salernin á 2. hæð. Því næst réðist ákærði Gabríel Douane að X vopnaður hnífi í anddyri á fyrstu hæð skólans þar sem ákærði lagði þrisvar sinnum til andlits X. Fyrir utan skólann lagði ákærði Gabríel Douane samtals fimm sinnum til andlits X með hnífnum áður en ákærði P kýldi X einu höggi með krepptum hnefa á hægri vanga með þeim afleiðingum að X féll í jörðina. Í kjölfarið traðkaði ákærði Gabríel Douane tvívegis á efri hluta líkama X auk þess sem hann sparkaði tvívegis í hann þar sem hann lá í jörðinni. Allt með þeim afleiðingum að A hlaut mar á vinstri ökkla og mar á hægri olnboga og framhandlegg. Þá hlaut X nokkur grunn yfirborðssár á báðum vöngum og skurði á enni yfir vinstri augnbrún og tognun og ofreynslu á þumli.

Telst háttsemi ákærða Gabríels Douane varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og telst háttsemi ákærða P varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4. Gegn ákærðu Y, Gabríel Douane og Z fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás sem hér nánar greinir. Gegn Gabríel Douane með því að ráðast að B með hníf fyrir utan skólann og leggja þrisvar sinnum til andlits B sem í kjölfarið féll til jarðar ásamt ákærða Gabríel Douane þar sem þeir tókust á. Í framhaldinu kom ákærði Y að og rak hné sitt þrisvar sinnum í B, m.a. að minnsta kosti einu sinni í höfuð hans, á meðan ákærði Gabríel Douane kýldi B fjórum sinnum í líkamann með krepptum hnefa. Í kjölfarið kom ákærði Z að og sló í höfuð Y með ljósaperu sem brotnaði á höfði Y við höggið. Loks lagði ákærði Gabríel Douane tvívegis til andlits B með hníf sem ákærði Y afhenti honum, auk þess sem hann gerði tilraun til þess að stinga B með hnífnum í aftanvert lærið, allt með þeim afleiðingum að B hlaut mar og hrufilsár í andliti í kringum bæði augu og yfir kinnbeinum,

um það bil 5 sentimetra langan gapandi skurð hægra megin fyrir ofan eyra og 3 til 4 sentimetra langan gapandi skurð vinstra megin yfir gagnauga.

Telst háttsemi ákærðu varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Gegn ákærða Y fyrir vopnalagabrot með því að hafa haft í vörslum sínum hnúajárn sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða í kjölfar handtöku hans á vettvangi.

Telst háttsemi ákærða varða við c. lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

II.

6. Gegn ákærða Gabríel Douane, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa mánudaginn 7. mars 2022, í kennslustofu í [...], [...], Reykjavík, ráðist á C, kt. [...], með því að skvetta vatni úr glasi á C og í framhaldinu slegið glasinu í andlit C. Í kjölfarið kýldi ákærði C ítrekað með krepptum hnefa í andlit og bók, allt með þeim afleiðingum að C hlaut skurði á hálsi og höku við munnvik og á nefi auk þess sem C hlaut djúpan skurð á vinstra neðra augnloki.

Telst háttsemi ákærða varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

7. Gegn ákærða Gabríel Douane, fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa föstudaginn 29. júlí 2022 í [...], [...], Reykjavík, skallað fangavörð D í andlitið þar sem hann var við skyldustörf með þeim afleiðingum að hann hlaut eymsli á hægri öxl og gleraugu hans brotnuðu.

Telst háttsemi ákærða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafist að ákærði Gabríel Douane Boama verði dæmdur til að sæta upptöku á hafnaboltakylfu og tveimur eldhúshnífum, að ákærði Þ verði dæmdur til að sæta upptöku á skralli og að ákærði Y verði dæmdur til að sæta upptöku á hnúajárni, samkvæmt heimild í 1. og 3. tölulið 1. mgr. 69. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu X, kt. [...], hér eftir nefndur kröfuhafi, er gerð sú krafa vegna kafla I. í ákæru að ákærðu Gabríel Douane Boama, kt. [...], Þ, kt. [...], og Y, kt. [...], verði gert að greiða kröfuhafa sameiginlega, in solidum, kr. 2.000.000 með vöxtum skv. 1. mgr. 8.

gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. janúar 2021 til þess dags er bótakrafa er kynnt fyrir ákærðu, en að mánuði liðnum frá birtingu bótakröfu er krafist dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags. Einnig er málskostnaðar krafist úr hendi ákærðu, brotþola að skaðlausu, skv. mati dómsins eða síðar fram kominni tímaskýrslu.

Af hálfu Z, kt. [...], hér eftir nefndur kröfuhafi, er gerð sú krafa vegna kafla I. í ákæru að ákærðu Gabriel Douane Boama, kt. [...], Þ, kt. [...], og Y, kt. [...], verði gert að greiða kröfuhafa sameiginlega, in solidum, kr. 2.000.000 með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. janúar 2021 til þess dags er bótakrafa er kynnt fyrir ákærðu, en að mánuði liðnum frá birtingu bótakröfu er krafist dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags. Einnig er málskostnaðar krafist úr hendi ákærðu, brotþola að skaðlausu, skv. mati dómsins eða síðar fram kominni tímaskýrslu.

Af hálfu B, kt. [...], hér eftir nefndur kröfuhafi, er gerð sú krafa vegna kafla I. í ákæru að ákærðu Gabriel Douane Boama, kt. [...], Þ, kt. [...]og Y, kt. [...], verði gert að greiða kröfuhafa sameiginlega, in solidum, kr. 2.000.000 með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. janúar 2021 til þess dags er bótakrafa er kynnt fyrir ákærðu, en að mánuði liðnum frá birtingu bótakröfu er krafist dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags. Einnig er málskostnaðar krafist úr hendi ákærðu, brotþola að skaðlausu, skv. mati dómsins eða síðar fram kominni tímaskýrslu.

Af hálfu C, kt. [...], hér eftir nefndur kröfuhafi, er gerð sú krafa vegna kafla II. í ákæru að ákærða Gabriel Douane Boama, kt. [...], verði gert að greiða kröfuhafa kr. 1.616.913.- í skaða-, þjáninga- og miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. mars 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er málskostnaðar krafist úr hendi ákærða, brotþola að skaðlausu, skv. mati dómsins eða síðar fram kominni tímaskýrslu og að tekið verði tillit til þess að kröfuhafi er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili.

Af hálfu Þ, kt. [...], hér eftir nefndur kröfuhafi, er gerð sú krafa vegna kafla I. í ákæru að ákærðu X, kt. [...] og Z, kt. [...], verði gert að greiða kröfuhafa miskabætur sameiginlega, in solidum, kr. 1.500.000,- auk vaxta skv. 8.gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 13. janúar 2021 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærðu verði sameiginlega, in solidum, gert að greiða lögmanskostnað kröfuhafa við að koma bótakröfunni á framfæri og vegna hagsmunagæslu við meðferð málsins fyrir dómi skv.

málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram við meðferð málsins eða samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu Y, kt. [...], hér eftir nefndur kröfuhafi, er gerð sú krafa vegna kafla I. í ákæru að ákærða Z, kt. [...], verði gert að greiða kröfuhafa miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 13. janúar 2021 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða lögmannskostnað kröfuhafa við að koma bótakröfunni á framfæri og vegna hagsmunagæslu við meðferð málsins fyrir dómi skv. málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram við meðferð málsins eða samkvæmt mati dómsins.“

Verjandi ákærða X krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa, sem verði bundin skilorði að öllu leyti. Þess er jafnframt krafist að einkaréttarkröfum verði vísað frá dómi en til vara verulegrar lækkunar. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sem greiðist úr ríkissjóði.

Verjandi ákærða Y krefst aðallega sýknu vegna brots í ákærulið I.4 og þess að refsing verði látin niður falla vegna ákæruliðar I.5. Til vara krefst hann þess vegna beggja ákæruliða að refsingu verði frestað og til þrautavara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa. Hann krefst þess jafnframt að bótakröfum verði vísað frá dómi en til vara verulegrar lækkunar. Þá krefst hann þess að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð, þ.m.t. málsvarnarlaun.

Verjandi ákærða Gabriels krefst aðallega sýknu og að bótakröfum verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa og verulegrar lækkunar bótakrafna. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sem greiðist úr ríkissjóði.

Verjandi ákærða Z krefst aðallega sýknu, til vara þess að refsing verði látin niður falla, en til þrautavara að refsingu verði frestað og til þrautþrautavara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa sem öll verði bundin skilorði. Þess er jafnframt krafist að bótakröfum verði vísað frá dómi en til vara verulegrar lækkunar. Þá krefst hann þess að sakarkostnaður, í heild eða að hluta, verði felldur á ríkissjóð, þ.m.t. málsvarnarlaun.

Verjandi ákærða Þ krefst aðallega sýknu, til vara þess að refsing verði látin niður falla en til þrautavara að refsingu verði frestað og til þrautþrautavara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa. Þess er jafnframt krafist að bótakröfum verði vísað frá dómi, til vara sýknu en til þrautavara verulegrar lækkunar. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

I. kafli ákærunnar

Þann 13. janúar 2021 barst tilkynning vegna slagsmála í anddyri [...] þar sem nokkrir aðilar væru að slást með hnífum og bareflum. Margar tilkynningar bárust frá starfsmönnum og nemendum og var talið að einhverjir þeirra sem voru aðilar máls væru særðir. Samkvæmt skýrslu lögreglu var mikill glundroði á vettvangi, fólki brugðið og erfitt að átta sig á aðilum máls. Við B-inngang skólans, austan við aðalinngang, veifuðu starfsmenn til lögreglu. Þar stóð hópur nemenda, þar af þrír blóðugir í andliti með misstóra skurði. Þetta voru þeir X, A og B. Þeir voru óvopnaðir og ekki með lífshættulega áverka. Lögreglumenn héldu áfram inn í skólann þar sem talað var um að nokkrir slasaðir væru við klósettin. Þar var þeim vísað á mann í rifnum fötum með blóð framan í sér. Maðurinn gekk frá vettvangi inn ganginn í átt að aðalinngangi. Maðurinn var handtekinn grunaður um líkamsárás og gerð var á honum öryggisleit. Við leitina fannst hnúajárn og var megn kannabislykt af honum. Aðspurður kvaðst hann heita Y en við leit að skilríkjum fannst farsími þar sem símtal var í gangi. Y kvaðst vera að tala við [...] og heyrðist í einhverjum í símanum. Hann skellti á stuttu síðar, eftir að Y hrópaði á símann og bað þann sem var á línunni að skella á. Y var með skurð í andliti. Y var færður aftur á vettvang þar sem búið var að handtaka Þ, en samkvæmt vitnum hafði hann tekið fullan þátt í átökunum. Hann var með lítinn skurð í andliti og sjáanlega undir áhrifum fíkniefna.

Á sama tíma voru sjúkraflutningamenn að hlúa að B en mikil blæðing var úr höfðinu á honum. Þá lá A á efri hæðinni við salerni og virtist alvarlega slasaður. Lögreglumenn leituðu að manni sem sást hlaupa til austurs frá [...], en samkvæmt vitnum var hann með hníf. Vettvangurinn var talinn öruggur þar sem líklega væri búið að handtaka alla aðila málsins nema einn sem ekki væri í skólanum. Þau fyrirmæli voru gefin til skólastjórnenda að rýma ganga og koma nemendum inn í skólastofur. Í ljós kom að vettvangur stunguárásar hafði verið á salerni á 2. hæð. Þegar lögreglumenn komu þangað kom í ljós að ræstitæknar höfðu þrifið salernið, en þau höfðu verið fyrir utan þegar árásin átti sér stað. Starfsmaður skólans nálgadist lögreglu og greindi frá því að hafa fundið hníf og hafnaboltakylfu í rusli við skólann.

Málsaðilar voru fluttir á slysadeild með sjúkrabifreiðum. Rannsóknardeild mætti á vettvang til að aðstoða við skipulagningu ásamt bakvakt sérsveitar, aðgerðar- og skipulagsdeild og fleiri lögreglumönnum þeirra deilda. Öryggisleit var gerð í skólanum en enginn málsaðili fannst. Skjáskot úr öryggismyndavélum var sent til lögreglumanna sem þekktu manninn sem leitað var að sem ákærða Gabríel og kom það heim og saman við upplýsingar frá vitnum. Ákærði Gabríel gaf sig fram við lögreglu síðar sama dag.

Tæknideild kom á vettvang og tók sýni af blóði á salerni, framan við salerni og í tröppum. Haldlagt var skrall sem vísað var á uppi á skáp við útgang, þar sem starfsmaður skólans hafði sett það. Þá var haldlagður blóðugur hnífur sem fannst í bláum gámi utan við dyr á kennslusal.

Myndband af árásinni fór í dreifingu á samfélagsmiðlum en þar sést ákærði Gabríel lemja mann ítrekað með hafnaboltakylfu í bók og höfuð. Í málinu liggja fyrir myndbandsupptökur úr öryggismyndavélakerfi [...]. Þá liggur fyrir myndband sem lögregla hefur klippt saman og sýnir atburðarásina alla, að því leyti sem hún náðist á myndband.

Í vottorði E, sérfræðings í bráðalækningum, dags. 16. desember 2021, vegna ákærða P kemur fram að ákærði hafi sagst hafa orðið fyrir líkamsárás í [...] skömmu áður. Hann hafi kvartað undan verkjum í höfði, höndum og vinstri mjöðm. Hann hafi verið með mar vinstra megin á enni, nefrót og vinstra kinnbeinssvæði ásamt efri og neðri vinstri hluta vara. Hann hafi verið með bjúg og verki á báðum höndum, aðeins dreifðan bjúg mest yfir miðhandarbeinum. Einnig hafi verið mar yfir vinstri mjöðm og roði en hann hafi getað gengið án vandamála. Ákærði hafi farið í tölvusneiðmynd af andlitsbeinum sem hafi sýnt brot í kinnbeinssvæði vinstra megin. Í kjölfarið hafi ákærða verið vísað í ráðgjafarferli hjá háls-, nef- og eyrnalæknum.

Í vottorði F, sérfræðings í bráðalækningum, dags. 30. nóvember 2021, vegna ákærða X kemur fram að ákærði hafi greint frá því að hafa farið í [...] vegna þess að menn ætluðu að stinga Z. Hann hefði gengið á milli, náð hníf af árásaraðila og haldið honum niðri, en þá hafi annar í hópnum ráðist að honum með hníf og reynt að skera hann í andlitið. Hann hefði einnig fengið eitt eða fleiri högg í höfuðið án þess að missa meðvitund. Þá hafi ákærði einnig kvartað undan verk í hægri þumli og verið greindur með tognun og ofreynslu á þumli. Ákærði hafi haft nokkur grunn og löng yfirborðssár á báðum vöngum. Útlit þeirra samræmdest beitingu eggvopns. Styttri dýpri skurður hafi verið á enni og yfir vinstri augabrún, en þeir hafi ekki gapað. Útlit þeirra samræmdest höggi. Neðri vör ákærða hafi verið bólgin. Hann hafi haft verk við þreifingu á framhandlegg, sérstaklega yfir upparms- og sveifarvöðva, og við að hreyfa úlnlið hliðlægt. Sár ákærða hafi verið hreinsuð og sett í umbúðir og ákærði verið undir eftirliti í nokkrar klukkustundir. Áverkar ákærða kæmu heim og saman við lýsingu hans. Mildi hafi verið að ekki hafi farið verr og áverkarnir hafi ekki reynst alvarlegir. Ekkert hafi bent til þess að ákærði muni hljóta varanleg líkamleg einkenni eða farniskerðingu af þessu, en hann gæti þó haft varanleg lýti í andliti.

Í vottorði sama læknis, dags. 30. nóvember 2021, vegna brotapolans B kemur fram að brotapolí hafi sagt að hann hefði séð slagsmál brjótast út. Hann hefði séð hóp manna ganga í skrokk á vini vinar síns sem hafi átt sér litla von einn síns liðs og brotapolí hafi því reynt að ganga á milli. Í kjölfarið hefði hann sjálfur orðið fyrir árás og fengið nokkur högg í andlitið og verið skorinn með hníf í höfuðið á tveimur stöðum. Brotapolí hafi haft mar og hrufslsár í andliti, í kringum bæði augu og yfir kinnbeinum. Hægra megin fyrir ofan eyra hafi verið um 5 cm langur gapandi skurður. Vinstra megin yfir gagnauga hafi verið um 3–4 cm langur gapandi skurður. Hann hafi einnig haft hrufslsár á báðum

hnjám og minniháttar hrúfl í báðum lófum. Sár brotaþolans hafi verið saumuð og hann hafi fengið fræðslu um höfuðhögg. Áverkarnir hafi komið heim og saman við lýsingu brotaþola. Þetta hafi verið hættuleg árás með eggvopni sem hefði getað endað mun verr. Áverkarnir hafi þó ekki reynst hættulegir og ekkert bendi til varanlegra verkja eða færni-skerðingar.

Í vottorði G, sérfræðings í bráðalækningum, dags. 17. desember 2021, vegna ákærða Z, greinir að ákærði hafi verið [...] ára gamall er hann varð fyrir líkamsárás í [...] þar sem menn komu inn í skólann og réðust að honum og fleiri nemendum. Ákærði myndi ekki nákvæmlega hvernig tildrög áverkans hefðu verið, en kvarti yfir verkjum í höfði þar sem hann sé með skurð. Í skráningu hjúkrunarfræðings sé því lýst að ákærði hafi verið sleginn með skiptilykli í höfuðið. Ákærði hafi ekki misst meðvitund og hafi ekki minnisleysi. Hann hafi verið með lítið sár á hægri baugfingri, rautt merki á hálsi og verk í baki. Aftan á hnakka hafi verið um 10 cm langur fullþykktarskurður gegnum húð. Ákærði hafi ekki haft merki um alvarlegan höfuðáverka. Umhverfis háls hafi verið rauð marrák mest áberandi framan á hálsi og til hliðanna neðst á hálsinum. Á hægri baugfingri utanverðum yfir nærkjúku hafi verið sár. Tekin hafi verið röntgenmynd af lungum og brjóstþrygg sem hafi ekki sýnt fram á áverka. Skurðurinn á höfðinu hafi verið sótthreinsaður, saumaður og límdur. Ákærði hafi útskrifast heim eftir ráðleggingar um verkjalyf og varnarorð um að leita aftur til læknis ef ný einkenni kæmu upp, sérstaklega merki heilahristings. Saumataka hafi verið ráðlögð á heilsugæslu eftir 7–10 daga. Ákærði hafi hlotið áverka, sem mögulega séu eftir skiptilykil og hafnaboltakylfu, skurð á höfuð, mar á baki, mar á hálsi og sár á fingri. Ákærða hafi verið ráðlagt að nota verkjalyf eftir þörfum og batatími hafi verið metinn 15 dagar ef tekið væri mið af eðlilegu bataferli.

Í vottorði sama læknis, dags. sama dag, vegna brotaþolans A kemur fram að hann sé [...] ára strákur sem komið hafi með sjúkrabíl á slysadeildina eftir meinta líkamsárás. Hann væri nemandi í [...] og þennan dag hefðu menn komið inn í skólann og veist að nemendum. Samkvæmt lýsingum brotaþola hafi árásarmenn verið með kylfur, skiptilykla og hnífa. Hann hafi sagst hafa verið að horfa á slagsmálin þegar einhver hafi ráðist á hann með þungri hafnaboltakylfu og slegið hann með henni í hægri framhandlegg við olnboga og í vinstri ökkla. Hann hafi sigið niður í jörðina við höggið en ekki fengið högg á höfuð eða annars staðar á líkama við fallið. Hann hafi haft mikla vanlíðan eftir þetta, skolfið og svimað. Hann hafi verið fölur og lágþrýstur við komu sjúkraflutningamanna. Hann hafi haft mikla verki í hægri olnboga en finni minna fyrir í vinstri ökkla. Vegna lágþrýstings hafi verið settur upp æðaleggur og honum gefinn vökvi á staðnum. Sett hafði verið á hann spelka á hægri olnboga, hann hafi verið mjög verkjaður þar og því ekki skoðaður sérstaklega. Á vettvangi hafi verið lýst mögulegri aflögun um hægri olnboga. Innanvert á vinstri ökkla hafi verið sjáanlegt mar án teljandi eymsla við þreifingu eða hreyfingu. Tekin hafi verið röntgenmynd af framhandlegg sem sýndi ekki

merki um brot eða vökva í olnbogalið. Um maráverka hafi verið að ræða á hægri olnboga eða framhandlegg og vinstri ökkla sem ætti að jafna sig á vikutíma án varanlegra líkamlegra afleiðinga. Brotaþoli hafi verið útskrifaður heim eftir verkjastillingu.

Í vottorði H heimilislæknis, dags. 19. janúar 2021, vegna ákærða Gabríels kemur fram að hann hafi verið skoðaður daginn eftir atvikið í fangaklefa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Ákærði hafi sagst hafa verið kýldur í andlitið, í kinnar og nef og sparkað hafi verið í bakið á honum daginn áður. Hann hafi kvartað undan höfuðverk, verk efst í nefi og yfir si-lið vinstra megin. Við skoðun hafi hann haft vægan þrota og eymsli efst yfir nefrótinni en engin skekkja hafi verið á nefi eða miðnesi. Hann hafi verið vægt aumur yfir si-lið vinstra megin en ekkert mar hafi verið að sjá.

Í bráðamóttökuskrá vegna komu ákærða Y greinir að hann hafi talið sig hafa verið laminn í andlit með einhvers konar ljósaperu og fengið ítrekuð högg á bakið með hafnaboltakylfu. Hann hafi haft mar, hrufll og minniháttar sár á andliti og gagnauga vinstra megin. Yfir vinstra gagnauga hafi verið um 2 cm grunnur en gapandi skurður. Einnig sé hrufll yfir hægra enni. Þá hafi 6 marblettir eða bólguför verið þvert yfir bakið sem samræmist höggum hafnaboltakylfu. Sár á gagnauga hafi verið hreinsað og límt.

II. kafli ákærunnar

Þann 7. mars 2022 barst lögreglu tilkynning um líkamsárás í [...]. Á vettvangi mátti sjá blóðslóð eftir ganginum við móttöku fanga og var lögreglumönnum fylgt að kennslustofu þar sem atvik höfðu átt sér stað. Mátti þar sjá tölvur og skrifborð á víð og dreif og glerbrot á gólfi. Í næsta herbergi var árásarþoli, C. Hann greindi svo frá að hann hefði verið í kennslustofunni ásamt nokkrum öðrum þegar ákærði Gabríel hefði spurt sig hvort hann hefði verið að kalla sig tussu. Því næst hefði ákærði skvett heitu vatni úr glasi, sem hann hefði verið með, í andlitið á sér og síðan slegið glasinu í andlit sitt. Sjá mátti skurð á enni, vinstra auga, kinn, höku og hálsi á C eftir árásina. Ákærði hafði verið fluttur af vettvangi til aðhlyningar vegna skurðar á hægri hendi.

Í kennslustofu fangelsisins var eftirlitsmyndavél sem sýnir atburðarásina umrætt sinn. Má sjá brotaþola sitja þar inni við tölvu þegar ákærði kemur inn með glas í hendi og sest við aðra tölvu. Skömmu síðar koma I og J inn í kennslustofuna. Svo virðist sem ákærði stilli upp vefmyndavél á sinni tölvu og leggur hann svo af stað í átt að brotaþola. Hann virðist ávarpa brotaþola sem snýr sér að honum í sæti sínu. Ákærði skvettir síðan vatni framan í brotaþola og slær hann næst með glasinu í höfuðið þannig að glasið brotnar. Í kjölfarið verða átök á milli þeirra þar sem ákærði kýlir brotaþola nokkrum sinnum í andlit og efri bók meðan brotaþoli reynir að verjast. Stuttu síðar kemur fangavörður inn. Báðir aðilar voru fluttir á slysadeild.

Í vottorði K, sérfræðings í bráðalækningum, dags. 14. júní 2022, kemur fram að brotaþoli hafi verið með skurði á hálsi og höku við munnvik og á nefi. Skurðirnir hafi

verið deyfðir og hreinsaðir vel og engin merki hafir verið um glerbrot í þeim. Sett hafi verið nokkur spor í þessa skurði og þeir hafi allir lokast vel. Hins vegar hafi verið djúpur skurður við vinstra neðra augnlok. Það væri alvarlegur áverki sem þyrfti sérstaka meðferð augnlækna. Fengið hefði verið álit hjá lýtalæknum en þeir vísi á augnlækna og fari brotaþoli þangað í framhaldsmeðferð. Saga brotaþola hafi samsvarað áverkunum vel.

Í vottorði L, sérfræðings í augnlækningum, dags. 17. nóvember 2022, kemur fram að við skoðun á augndeild Landspítala hafi sjón, sjónsvið og augnhreyfingar verið eðlileg. Þrír skurðir hafi fundist á vinstra efra og neðra augnloki. Brotaþoli hafi samdægurs farið í aðgerð í svæfingu þar sem skurðir á augnlokum hafi verið hreinsaðir og saumaðir á hefðbundinn hátt. Aðgerðin hafi gengið án vandkvæða. Ekki hafi fundist skaði í sjálfu auganu eða dýpri líffærum við skoðun. Eftirfylgd hafi ekki sýnt merki um sýkingu eða önnur vandamál. Þremur mánuðum síðar hafi brotaþoli haft samband þar sem honum hafi fundist vinstra neðra augnlok liggja aðeins neðar en það hægra. Við skoðun hafi sést fínn gróandi í neðra augnlokinu og augnlokaskantar hafi legið vel. Augnrifa vinstra megin hafi mælst jafnstór og á hægra auga. Ekkert tog hafi verið á neðra augnlokinu. Vægur roði hafi verið í öri. Brotaþoli hafi fengið ráðleggingar um að nota sterakrem á örið og nudda augnlok upp á við tvisvar á dag í tvær vikur til að minnka bólgu. Ekki hafi verið talin ástæða til frekari inngripa.

III. kafli ákærunnar

Með bréfi, dags. 18. ágúst 2022, barst lögreglu kæra frá [...] á hendur ákærða Gabriel. Var því þar lýst að þann 29. júlí sama ár hefði ákærði brugðist við með ofbeldi þegar færa hefði átt hann með valdi í aðskilnað. Hann hefði náð að slæma höfðinu í fangavörðinn M og skalla hann í andlitið með þeim afleiðingum að gleraugu hans brotnuðu.

Með kærinni fylgdi skýrsla fangavarðar þar sem fram kom að við flutning ákærða í fangelsinu yfir í öryggisklefa hafi hann streist mikið á móti. Þegar hann hafi verið settur í járn hafi fangaverðir nr. D og N gengið með hann yfir í klefann en hann haldið áfram að streitast á móti allan tímann. Rétt áður en komið var að klefanum hafi ákærði náð að rykkja sér þannig að fangaverði nr. D að hann náði að skalla hann í andlitið og brjóta gleraugu hans. Fangavörðum hafi svo tekist að koma ákærða inn í klefa. Þá kom fram að myndbandsupptaka væri til af atvikinu þar sem skalli ákærða á fangavörðinn sést.

Í málinu liggur fyrir vottorð O heilsugæslulæknis, dags. 17. október 2022, þar sem fram kemur að fangavörðurinn M hafi komið til hans 17. ágúst sl. Hann hefði greint frá því að hafa lent í handalögmálum við fanga um tveimur vikum áður. Hann hefði illa getað lýst atvikinu en sagt að mikið hefði gengið á. Hann hefði fundið fyrir verk meðan á átökunum stóð og eftir þau. Verkurinn hefði aukist næstu þrjá daga og hann hefði leitað

til læknis þar sem verkurinn væri viðvarandi. Við skoðun hafi verið verkir sem helst sé kvartað yfir þegar fólk er með bólgur eða áverka á supraspinatus eða rotator cuff festingum. Brotapoli þurfi sjúkrahjálfun og pöntuð hafi verið segulómun. Niðurstaða segulómunarinnar hafi verið eðlileg og ekki sýnt fram á bólgur eða áverkamerki.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærði X kvað meðákærða Z, [...], hafa hringt í sig og sagt að einhver væri að hóta að stinga hann og talað um hóp af krökkum í því sambandi. Hann hefði „asnast“ til að fara í skóla Z til að standa með Z. Hann hefði ekki átt að fara þangað en hann hefði ekki grunað að þetta færi á þann hátt sem það gerði. Hann hefði hitt Z við komuna þangað og farið inn á salerni þar sem hann vissi að strákurinn væri sem hefði hótað Z. Hann hefði bara ætlað að tala við þessa krakka og verið óvopnaður. Hann hefði byrjað á að spyrja dreng þar hvort hann væri sá sem hefði hótað að stinga Z. Í þann mund sem hann hefði komið inn hefði dottið úr ermi hjá þeim sem þar voru hamar og skrall og hefðu þeir ráðist á hann og Z. Hann gerði sér ekki grein fyrir því hver hefði átt fyrsta höggið. Þeir hefðu brugðist við með því að verjast og reyna að ná vopnunum af þeim. Hann hefði reynt að stífa strákunum í sundur og ná vopnunum af þeim. Hann hefði ekki veitt neinum högg. Honum hefði tekist að afvopna einn strákinn inni á salerninu. Síðan hefði kennari komið inn á klósettið og aðstoðað hann við að reyna að ná þeim í sundur. Þá hefði einn strákurinn verið ofan á Z. Z hefði haldið í vopnið sem strákurinn hefði verið með og hann hefði sagt Z að sleppa vopninu. Hann hefði ekki viljað það þar sem hann hefði óttast að strákurinn myndi lemja sig með vopninu. Ákærði hefði farið út af klósettinu og haldið að þetta væri búið en þá hefði strákur hlaupið framhjá honum með hafnaboltakylfu og ráðist á Z. Þetta hefði endað með því að ákærði hefði náð að afvopna einn strákinn með hníf í stiganum en þeir hefðu verið þrír á honum. Hann hefði þá ekki hugsað um neitt nema að ná hnífnum og tekið um blaðið á honum án þess að vita hvort hann væri beittur. Hann hefði náð hnífnum og gengið niður stigann og þá hefði meðákærði Gabríel veist að honum með hníf. Hann hefði beðið meðákærða um að hætta og bakkað undan honum út úr skólanum. Hann hefði verið kominn út úr skólanum þegar meðákærði hefði sagt: „Hvernig finnst þér að ég er að skera á þér andlitið?“ Meðákærði hefði skorið hann sjö sinnum í andlitið. Hann hefði ekki gert sér grein fyrir því hvort andlitið á honum væri að opnast eða ekki en hann hefði fundið blóð leka niður andlitið. Hann hefði þegar verið vankaður eftir að hafa verið laminn í höfuðið með hamri eða einhverju inni á klósetti. Meðákærði hefði einhverra hluta vegna stoppað og hlaupið í burtu. Hann myndi ekki hvað annað hefði gerst meðan hann hefði legið í jörðinni. Það næsta sem hann muni sé að hann hefði verið kominn inn í sjúkrahús ásamt Z. Hann hefði ekki þekkt forsögu málsins að öðru leyti en því að hann hefði sótt Z einhvern tímann í [...] eftir átök, en hann hefði ekki orðið vitni að átökunum og ekki vitað milli hverra þau hefðu verið.

Atvikin hefðu valdið honum miklu hugarangri og hann hefði endað á að flytja í annað bæjarfélag.

Ákærði Y kvaðst umrætt sinn hafa verið að fara á klósettið. Hann hefði hitt vin sinn, meðákærða Þ, frammi á gangi og rætt við hann. Þeir hefðu síðan farið inn á klósett en þangað hefðu komið margir strákar og ráðist á þá. Hann hefði ekki þekkt þá stráka og alls ekki átt von á neinum átökum. Hann hefði verið inni á klósettþás og heyrt að eitthvað væri að gerast fyrir utan. Þegar hann hefði opnað dyrnar hefði hann séð marga stráka vera að ráðast á vin sinn. Hann hefði orðið mjög hræddur og reynt að stoppa þetta og hjálpa vini sínum. Strákarnir hefðu verið að berja vin hans í klessu. Hann hefði orðið var við nokkur vopn þarna inni og fengið eitthvað í sig en þeir vinirnir hefðu sjálfir ekki verið með nein vopn. Hann taldi að meðákærði Þ hefði náð skralli af einhverjum öðrum. Hann taldi sig hafa séð löggukylfu og hugsanlega hnífa þarna inni. Átökin hefðu varað nokkra stund og endað fyrir utan húsið. Hann hefði verið á sokkunum og ekki viðbúinn því að taka þátt í slagsmálum. Hann hefði hringt í vin sinn, meðákærða Gabríel, og sagt honum að verið væri að ráðast á þá meðákærða Þ með vopnum. Meðákærði Gabríel búi við hliðina á skólanum og hefði komið fljótt. Hann hefði hringt í hann því að lögreglan hefði verið lengur á leiðinni. Ákærði játaði að hafa rekið hné í B eins og lýst sé í ákæru, en kvað það ekki hafa verið ætlun sína að meiða hann, heldur hefði hann verið að reyna að ýta honum af vini sínum, meðákærða Gabríel. Hann hefði verið mjög hræddur um vin sinn enda hefði hann séð mjög hávaxinn mann vera að ráðast á hann. Hann hefði einungis ætlað sér að stoppa átökin. Hann hefði afhent meðákærða Gabríel hníf og sagt honum að fara með hann í burtu. Honum hefði ekki dottið í hug að hann myndi nota hann. Hann kvaðst ekki muna til þess að sjá átök fyrir utan skólann með hnífinn. Hann hefði fengið ljósaperu í höfuðið en ekki séð það gerast. Hann hefði bara fundið eitthvað fara í höfuðið á sér og fengið glerpúður í augun. Hann hefði misst sjónina í smástund vegna þess. Eftir átökin hefði hann verið með skurð á höfði og kylfuför á bakinu. Hann taldi að kylfuförin væru eftir átökin á klósettinu en vissi ekki hver hefði veitt sér áverkana þar vegna þess að svo margir hefðu verið þar inni að veitast að þeim. Ákærði játaði að hafa verið með hnúajárn á sér en kvaðst ekki hafa beitt því neitt.

Ákærði Gabríel kvaðst hafa farið í [...] til að hjálpa vini sínum. Hann hefði ekki verið í skólanum á þessum tíma. Meðákærði Y hefði hringt í hann og sagt að verið væri að ráðast á hann. Meðákærði hefði beðið hann um að koma til hjálpar. Hann hefði heyrt í símanum að verið væri að ganga í skrokk á þeim og honum fundist eins og verið væri að kaffæra einn vin hans, meðákærða Þ. Meðákærði Y hefði talað um að þeir væru átta og allir vel vopnaðir. Honum hefði fundist eins og ef hann hefði ekki komið yrði vinur hans drepinn. Hann hefði vitað að eitthvert ósætti væri í gangi og að til hefði staðið að sættast fyrir aftan [...]. Hann hefði farið beint að klósettunum þar sem hann hefði vitað að þeir voru. Þegar þangað hefði komið hefði hann séð vini sína, meðákærðu Y og Þ,

útataða í blóði. Hann hefði verið með vopn meðferðis þar sem hann hefði vitað að hinir strákarnir væru með vopn. Ákærði neitaði að svara því hvort hann hefði beitt kylfunni sem hann var með og vísaði um það til skýrslutöku hjá lögreglu. Hann kannaðist ekki við að hafa beint hníf að andliti B. Hann taldi mögulegt að áverkarnir hans væru eftir eitthvað annað. Hann hefði ekki ætlað sér að stinga neinn. Þetta hefðu ekki verið fyrstu slagsmálin hans og hann hefði oft verið í átökum með hníf og vissi alveg hvað hann væri að gera. Ef hann hefði ætlað sér að stinga hann hefði hann gert það. Hann viðurkenndi að hafa slegið A tvisvar sinnum með hafnaboltakylfunni. Varðandi átökin við X sagðist ákærði ekki hafa verið að reyna að ráðast á hann. Hann hefði verið mjög lítill í sér og skíthræddur og verið að reyna að komast út en X hefði staðið fyrir framan dyrnar með vopn, hann hefði óttaðist um líf sitt og því sveiflað hnífnum í áttina að honum til þess að komast út. Hann hefði ekki skorið í andlit B fyrir utan skólann heldur barið hann í andlitið með skaftinu á hnífnum. Hann hefði kýlt hann vegna þess að B hefði verið búinn að kýla hann. Hann neitaði því að hafa sparkað í X eða traðkað á honum og kvað það ekki sjást í myndbandinu. Varðandi það þegar Y hefði rétt honum hnífinn sinn sagðist ákærði hafa verið pirraður út í Y fyrir að taka upp hnífinn sinn og hann hefði skipað honum að láta sig hafa hnífinn til baka. Y hefði rétt honum hnífinn og sagði honum að hlaupa.

Varðandi ákærulið II.6 neitaði ákærði að tjá sig. Hann kvað áverkana á brotapolu geta hafa verið af sínum völdum. Brotapoli hefði verið að klóra sér í auganu. Þá kvaðst hann hafa upplifað rásisma þarna en hann liði hann ekki. Þetta hefði rifjað upp slæmar minningar frá æsku hans.

Varðandi ákærulið III.7 neitaði ákærði því að hafa skallað fangavörð. Hann hefði var mjög lyfjaður á þessum tíma og fundist erfitt að standa í lappirnar. Honum hefði verið haldið uppi á báðum höndunum. Í þeirri stöðu geti maður fengið kippi. Ef hann hefði viljað skalla fangavörðinn hefði hann skallað hann þegar hann hefði verið að tala við hann inni í herbergi með lögmanni sínum þar sem engar myndavélar séu. Hann hefði líka horft beint í andlit hans og skallað hann ef hann væri að reyna að gera það. Fangavörðurinn hefði sjálfur sagt að hann hefði ekki fengið neina áverka á höfuðið. Hann hefði einfaldlega misstigið sig og þá hefði líkami hans farið í áttina að fangaverðinum. Hann kvaðst hafa átt fund með þessum tiltekna fangaverði í viðtalsherbergi ásamt lögmanni sínum fyrir atvikið. Fangavörðurinn hefði vitað að hann hefði verið pirraður og ýtt á alla takka á honum. Hann hefði upplifað að fangavörðurinn væri að reyna að pirra hann og fá hann til að ráðast á sig. Ef hann hefði viljað skalla hann hefði hann frekar gert það þá.

Ákærði Z kvað upphaf málsins vera að rekja aftur til september 2020. Hann hefði verið á slæmum stað og búinn að lenda í alls konar vandræðum. Kvöld eitt hefði hann farið á rúntinn með vini sínum. Þá hefði strákur hringt í hann og beðið um að þeir sæktu hann og færu með hann í bíltúr. Þegar þeir hefðu sótt hann hefði hann beðið þá um að sækja tvo aðra stráka sem þeir hefðu gert. Síðan hefði verið hringt í einn strákinn sem

hefði setið aftur í. Það hefði verið stelpa sem hefði verið grátandi og spurt hvort þeir gætu komið og náð í hana. Hann hefði fallist á að sækja þessa stelpu. Þegar þeir hefðu komið hefði hún verið grátandi úti í vegkanti með vinkonum sínum. Strákarnir hefðu hlaupið út úr bílnum og hann hefði farið út á eftir þeim. Skyndilega hefði hópurinn gengið upp brekkuna og byrja að kasta grjóti í húsið. Hann hefði ekki verið sáttur við þetta þar sem hann hefði einungis samþykkt að ná í stelpuna. Hann hefði gengið til strákanna og spurt þá hvað væri í gangi. Stelpan hefði þá sagt honum að hún hefði ætlað að fara heim til meðákærða Þ og ná í fötin sín en hann hefði reynt að berja hana með grjóti. Hann hefði sagt strákunum að hann samþykkti ekki að taka þátt í þessu. Þá hefðu orðið læti fyrir aftan hann og kona hefði komið út sem hefði verið að hringja í lögregluna. Hann hefði sagt strákunum að fara inn í bíl. Þá hefði strákur komið út og hann muni ekki meira en að hann hefði kýlt hann, hann hefði dottið aftur fyrir sig, hettan á úlpunni hans farið yfir hausinn á honum og loðkraginn dottið ofan í augun á honum þannig að hann hefði ekki séð neitt. Hann hefði staðið upp og sveiflað höndunum fram og til baka, tekið af sér hettuna, rifið í tvo stráka, hent þeim að bílnum og farið af vettvangi. Þetta hefðu verið hans fyrstu kynni af meðákærða Þ. Hann hefði fullan skilning á því að meðákærði hefði verið í uppnámi yfir atvikum en taldi að um misskilning á milli þeirra tveggja hefði verið að ræða.

Einhverjum dögum síðar hefði hann farið með sömu strákum í bíltúr. Þá hefði verið farið að ræða um einhvers konar sáttafund milli meðákærða Þ og þessara þriggja stráka. Hann hefði farið með þeim að [...]. Þar hefði strákur átt að slást við meðákærða Þ, en hann hefði ekki mætt. Strákarnir hefðu þá viljað að hann myndi sjá um slagsmálin í hans stað. Hann hefði fallist á að taka þennan slag en sagt að málið yrði búið eftir það. Það hefði verið samþykkt og hann hefði þá endað með því að fara í slagsmál við meðákærða Þ. Þeir hefðu velt sér upp úr jörðinni og eitthvað alls konar, en svo hefðu önnur slagsmál byrjað við hliðina á þeim og þeir hefðu verið slitnir í sundur. Hann hefði tekið upp strákinn sem hefði lent í hinum slagsmálunum, rifið hann með sér og byrja að ganga burtu. Þá hefði verið öskrað á hann að hlaupa því að hann væri með kylfu. Hann hefði litið aftur fyrir sig og séð meðákærða Þ elta sig með hafnaboltakylfu. Hann hefði þá hlaupið að [...], hringt í [...], meðákærða X, og beðið hann um að sækja sig.

Mörgum mánuðum síðar, í janúar 2021, hefði hann séð meðákærða Þ í skólanum. Hann hefði spurt vini sína hvort þetta væri sami strákur og þeir hefðu svarað því játandi. Hann hefði þá spurt hvort ekki væri einhver leið til þess að þeir gætu hist, spjallað saman og sæst. Þá hefði eitthvert ferli farið í gang þar sem A, sameiginlegur vinur hans og Þ, hefði orðið milliliður. Hann hefði hringt í meðákærða Þ í gegnum síma A á Snapchat 12. janúar 2021 kl. 15 og spurt hvort þeir gætu ekki hist í skólanum daginn eftir, rætt saman og klárað málið. Meðákærði hefði fallist á það. Daginn eftir hefði hann heyrt í skólanum að meðákærði vildi ekki sættast við hann nema meðákærði fengi að berja hann þrisvar

sinnum í andlitið. Hann hefði svo séð meðákærða á ganginum og sagt honum að hann fengi ekki að kýla sig í andlitið, hann vildi bara ræða málið og klára það. Meðákærði hefði „fokkað“ á hann og hann hefði verið með stæla við hann til baka. Meðákærði hefði þá sagt honum að hitta sig í [...] í hádeginu. Ákærði hefði fallist á það. Síðan hefði A komið til hans og sagt að meðákærði Þ væri að plana stunguárás á hann. Ákærði hefði þá komist í geðshræringu og hringt í [...], meðákærða X, og beðið hann um að koma og hjálpa honum að sættast við þá og passa að hlutirnir færu ekki úr böndunum. Meðákærði hefði ekki komið á staðinn. Það hefði verið hringt í hann en hann ekki svarað. Hann hefði þá farið aftur í skólann. Tveir strákar, B og A, hefðu verið með honum.

Hann hefði farið úr skónum, gengið upp á 2. hæð, séð meðákærða Þ sitja þar á bekk og spurt hann hvar hann hefði verið. Meðákærði hefði beðið hann um að elta sig. Hann hefði farið og sótt skóna sína fyrst, hlaupið upp og heyrt að eitthvað væri að gerast inni á klósetti. Hann hefði gengið þangað inn og áður en hann hefði vitað af hefði hann fengið skrall í höfuðið. Hann hefði sjálfur ekki verið með nein vopn. Hann hefði fengið þrjú högg í höfuðið frá manni í blárrí úlpu áður en slagsmálin hefðu hafist. Hann hefði þá hlaupið í meðákærða og náð honum utan í vegg og kýlt hann þrisvar sinnum. Þá hefði X komið og slitið þá í sundur. Hann hefði svo misst takið á þeim og þeir endað inni á hinu klósettinu. Þar hefði ákærði setið ofan á meðákærða og öskrað á hann hvort hann ætlaði núna að láta sig í friði. Meðákærði hefði sagt nei og hrækt í andlitið á honum. Hann hefði þá kýlt meðákærða aftur í andlitið og spurt hvort hann ætlaði núna að láta sig í friði. Meðákærði hefði aftur neitað og hann þá kýlt hann aftur og spurt að því sama. Þá hefðu X og einhver kennari verið komnir að. Hann taldi áverkana sem meðákærði Þ hefði fengið geta verið eftir hann en hann hefði ekki séð neinn annan veita honum áverka. Hann hefði ekki séð X ráðast að neinum heldur hefði hann verið að stía þeim í sundur. Meðákærði Y hefði stokkið aftan á hann og tekið hann hálstaki á meðan hann hefði verið að reyna að halda skrallinu sem meðákærði Þ hefði verið með niðri. Hann hefði þá misst takið og meðákærði Þ lamið hann á milli augnanna með skrallinu. Hann hefði vankast við höggið og fengið blátt far eftir, en náð aftur taki á skrallinu. Hann hefði verið að reyna að losna við meðákærða Y af bakinu á sama tíma en svo hefði einhver rifið Y af honum og sagt sér að sleppa meðákærða Þ. Hann hefði svarað því til að hann myndi ekki sleppa honum þar sem meðákærði myndi þá lemja sig með skrallinu. Þá hefði X komið, haldið meðákærða niður og sagt sér að fara út. Meðákærðu hefðu farið á eftir honum út af klósettinu og sýnt honum ógnandi hegðun en skyndilega hefði hann séð fljúgandi hafnaboltakylfu koma að andlitinu á sér. Hann hefði náð að beygja sig frá en fengið kylfuna einu sinni í bakið. Þá hefði meðákærði Þ komið aftan að honum og ráðist á hann. Ákærði hefði náð að snúa hann niður og setið ofan á honum. Þá hefði hann séð hvar hnífur hefði dottið á gólfið og hann hefði kallað á X að þarna væri hnífur. Hnífurinn hefði verið tekinn upp og einhver hlaupið í áttina að honum.

Hann hefði þá hlaupið niður og þegar hann hefði snúið sér við hefði hann séð X einan á móti þremur strákum með hníf. Hann hefði litið í kringum sig og séð kassa af flúorperum. Hann hefði gripið eina og lamið henni á hausinn á einhverjum. Svo hefðu allir komið niður. Hann hefði verið í mikilli geðshræringu, hlaupið út ganginn og komið út hinum megin. Hann hefði þá séð hvar X og meðákærði Gabríel hefðu hringsólað hvor um annan með hníf. Hann hefði séð meðákærða Gabríel skera í kinnina á X. Skyndilega hefði einhver kýlt X í andlitið þannig að hann hefði fallið. Hann hefði þá hlaupið að X og þá hefði B komið og ýtt þeim frá honum. Síðan hefði verið ráðist á B með hnífum, B hefði dottið og fengið einhvern ofan á sig. Hann hefði náð að standa upp aftur og ýta þeim frá sér. B hefði lent í útistöðum við meðákærða og þeir hefðu dottið niður tröppur fyrir utan skólann. Þar hefðu þeir slegist og einn reynt að ráðast aftan að honum með hníf. Ákærði hefði verið í geðshræringu og óttast um vin sinn, sem hefði verið alblóðugur í framan eftir ítrekaða skurði á höfuðið. Honum hefði fundist hann þurfa að hjálpa honum. Hann hefði ennþá haldið á flúorperu, stokkið niður stigann og lamið hann með henni til þess að hjálpa B. Hann hefði hlaupið í áttina að honum og B hefði losnað. Hann taldi að þeran hefði verið létt og úr plasti, enda hefði hún ekki brotnað við fyrsta höggið. Eftir þetta hefði hann ekki séð meira af því sem hefði gerst. Síðan hefði hann verið tekinn inn í sjúkrahús og fluttur á Landspítala.

Ákærði P kvað upphaf atburðarásarinnar hafa verið það að meðákærði Z hefði ráðist á hann heima hjá honum fyrir framan [...] hans og [...] hans vegna einhverrar stelpu. Þeir hefðu ekki þekkt neitt þá. Síðan hefði hann ásamt hópi annarra stráka ráðist á hann og vin hans, meðákærða Y, þegar hann hefði verið nýbyrjaður í [...]. Aðspurður kannaðist hann ekki við neitt sáttaboð frá meðákærða Z. Þeir vinur hans hefðu séð hópinn á ganginum og reynt að forða sér inn á klósett en ekki getað komist undan þeim þar sem þeir hefðu verið of margir. Þeir hefðu verið inni á klósetti þegar þangað hefði komið strákur og spurt hann að nafni. Hann hefði sagt til nafns og strákurinn hefði þá farið að kýla hann í andlitið. Hann hefði reynt að verja sig og slá frá sér. Hann hefði verið króaður af og slagsmálin hefðu borist inn á hitt baðherbergið. Þetta hefði endað með því að allir hefðu ráðist á hann í einu vopnaðir. Hann hefði séð hamar, skrall og hníf. Þeir meðákærði Y hefðu hins vegar ekki verið vopnaðir. Hann hefði náð að grípa í einn þeirra, en vissi ekki hvern, og náð af honum skralli og reynt að slá frá sér eins og hann gat. Hann muni ekki eftir að hafa slegið einhvern heldur bara slegið frá sér til að verja sig. Þeir hefðu náð honum í jörðina, haldið honum niðri á meðan tveir þeirra, meðákærðu X og Z, hefðu lamið hann í andlitið. Þeir hefðu verið a.m.k. átta saman. Auk meðákærðu hefðu þarna verið P, Q o.fl. Enginn hefði stöðvað árásina eða reynt að koma til hjálpar. Hann hefði verið mjög illa farinn eftir árásina, m.a. kinnbeinsbrotinn. Hann kvaðst alveg viss um að kinnbeinsbrotið væri eftir högg frá meðákærða X. Hann finni enn til í andlitinu og muni ekki mikið sem gerst hafi eftir að hann hafi komið út af klósettinu. Það eina sem hann

muni sé að hann hafi verið virkilega óttasleginn og óttast um líf sitt. Þegar hann hefði komist út af klósettinu hefði hann reynt að komast í skjól en þá hefði meðákærði Z komið og tekið hann niður og hann hefði aftur verið laminn. Hinir hefðu algjörlega haft yfirhöndina allt þar til meðákærði Gabríel hefði mætt á staðinn. Þegar hann hefði séð hníf fyrir utan skólann hefði honum fyrst dottið í hug að stöðva þessa ógn með því að slá frá sér. Hann hefði þá slegið meðákærða X. Hann lýsti því að allt þetta hefði tekið verulega á og við hefði bæst að lögreglan hefði líka hent honum í gólfið og sett hann í klefa. Þá hefði hann verið rekinn úr skólanum á meðan gerendur hans hefðu fengið brottvísun í eina viku. Þetta hefði verið mikið áfall.

Vitnið B kvaðst hafa farið heim um hádegi þennan dag þegar skóladeginum hans hefði verið lokið. Skömmu síðar hefði ákærði Z hringt í hann og sagt að honum hefði verið hótað stungu. Ákærði hefði beðið sig um að koma og passa að ekkert myndi gerast. Hann hefði samþykkt það og mætt upp í [...]. Þar hefði hann hitt ákærða og síðar hefði X einnig komið. Þeir hefðu svo farið í skólann þar sem hann hefði elt ákærða um. Þeir hefðu endað á að fara upp á 2. hæð. Þar hefði ákærði litið inn á klósett meðan vitnið hefði staðið fyrir aftan hann. Skyndilega hefðu dyrnar verið galopnar og ákærði Z hefði verið barinn í höfuðið með skralli. Hann taldi að ákærði Þ hefði verið með skrallið. Hann hefði séð ákærða Z slá til baka fimm eða sex sinnum eftir að hann hefði fengið skrallið í sig. Ákærði X hefði reynt að skilja þá að. Vitnið hefði bara staðið þarna og bakkað út úr aðstæðunum þegar kennarar hefðu komið. Þá hefði ákærði Gabríel komið með hafnaboltakylfu og barið ákærða Z í bakið. Kennari hefði náð kylfunni af ákærða Gabríel en þá hefði hnífur dottið úr vasanum á honum. Vitnið hefði bara horft á þetta enda sýnst að kennararnir hefðu stjórn á aðstæðum. Slagsmálin hefðu síðan endað utandyra. Vitnið hefði farið út og séð ákærða Gabríel hringsóla á móti ákærða X. Ákærði Gabríel hefði verið með hníf þannig að vitnið hefði hrint honum og þeir hefðu farið að slást og fallið niður tröppur. Ákærði Gabríel hefði skorið vitnið tvisvar sinnum í höfuðið í átökunum. Ákærði Gabríel hefði einnig lamið vitnið aftan á höfuðið með skaftinu á hnífnum. Vitnið taldi að hann hefði sjálfur náð tveimur höggum. Vitnið hefði einhvern veginn endað á hnjúnum þar sem þrír hefðu verið að lemja hann í höfuðið. Ákærði X hefði síðan tekið hnífinn af ákærða Gabríel sem hefði hlaupið í burtu. Þá hefði lögreglan verið komin. Hann hefði ör á höfðinu eftir skurðina. Einnig hefði hann fengið glóðarauga og fleiri áverka. Hann kvaðst hafa verið hræddur meðan á þessu hefði staðið enda upplifað að lífi hans hefði verið ógnað. Þetta hefði haft mikil áhrif á hann andlega og hann hefði þurft á áfallahjálpi að halda.

Vitnið A kvaðst hafa verið vinur bæði ákærðu Z og Þ. Hann væri þó ekki vinur ákærða Þ lengur þar sem hann hefði kennt honum um atvikin. Það hefði verið vesen milli ákærðu Z og Þ en ákærði Z hefði viljað sættast. Vitnið hefði reynt að aðstoða þá við sættir og orðið nokkurs konar milliliður. Stuttu eftir að ákærði Þ hefði sagst ætla að

sættast við ákærða Z hefði hann sent honum skilaboð um að hann myndi ekki sættast nema hann fengi að kýla ákærða Z tvisvar í andlitið. Vitnið hefði fært ákærða Z þau skilaboð. Hann kannaðist ekki við að hafa heyrt neitt um stunguárás. Hann hefði komið að klósettunum þar sem átök á milli þeirra hefðu verið nýhafin. Hann hefði setið á bekk fyrir utan klósettin og séð inn. Hann hefði séð ákærða Þ slá ákærða Z í höfuðið með skralli eða slíku áhaldi og átök milli þeirra í framhaldi af því. Hann hefði ekki þekkt fleiri sem hefðu átt í átökum þar en einhverjir hefðu verið með bæði ákærða Z og ákærða Þ. Hann hefði séð ákærða X en mundi ekki til þess að hafa séð hann gera neitt. Hann hefði verið fyrir utan og fylgst með. Skyndilega hefði ákærði Gabríel komið og barið hann fimm sinnum með hafnaboltakylfu. Hann hefði reynt að bera hendurnar fyrir sig. Hann hefði verið í þykkri úlpu sem hefði hjálpað að verja hann. Ákærði Gabríel hefði hitt sig í rifbein og tvisvar í bakið. Rifbein hefði brotnað og það hefði blætt inn á vöðva. Eftir þetta hefði hann náð að læsa sig inni á klósetti. Ákærði Gabríel hefði reynt að slá hann oft og vitninu fannst að hann hefði ætlað að stúta sér en kvaðst ekki vita af hverju. Hann hefði legið á klósettgólfinu alveg dasaður eftir þetta og misst meðvitund vegna sársauka. Þegar lætin frammi hefðu verið liðin hjá hefði hann farið fram. Hann hefði komist nokkur skref og svo dottið niður.

Vitnið R kvaðst hafa séð ákærða Þ í skólanum þennan dag þar sem hann hefði hlaupið í burtu og strákarnir farið á eftir honum. Hann hefði ekki vitað hvað hefði verið að fara að gerast en fylgt hópnum. Hann sé þá að vísa til sín, S, P, Q, T, B, X, Z og U. Hann kvaðst þekkja ákærða Z en ekki vera náinn vinur hans. Þeir hefðu upphaflega ætlað að hitta ákærða Þ í [...] en hann hefði ekki komið þangað. Þeir hefðu elt hann að klósettum þar sem hann hefði verið inni ásamt öðrum strák. Annar hefði haldið á hamri og hinn á skralli. Ákærði X hafi farið fyrstur inn og verið sleginn í höfuðið og þá hafi hafist bardagi inni á klósettinu. Hann vissi ekki hver hefði veitt það högg. Þetta hefði varað nokkra stund og hann hefði séð inn á klósettin hvað hefði verið að gerast. Hann hefði einu sinni farið sjálfur inn til að taka upp síma sem hefði dottið á gólfið. B hefði hlaupið inn og gripið einn strákinn en annars mundi hann ekki hverjir hefðu farið inn. Erfitt hefði verið að greina á milli hver gerði hvað. Fyrir utan klósettin hefði hann séð ákærða Þ eða vini hans hent í gólfið þannig að hann hefði misst hamar. Hann hefði tekið hamarinn upp og farið með hann í burtu svo ekki væri hægt að nota hann í slagsmálunum. Hann hefði svo farið í burtu þegar slagsmálin hefðu enn verið í gangi og farið í tíma. Þegar hann hefði litið út um gluggann í stofunni hefði hann séð að B var í slag við ákærða Gabríel og einhvern annan en ákærði Gabríel hefði verið með hníf. Þegar heyrst hefði í lögreglusírenum hefði ákærði Gabríel fleygt hnífnum í ruslið og hlaupið í burtu ásamt félaganum sínum.

Vitnið S kvaðst hafa verið framan við klósettin þegar slagsmálin hefðu átt sér stað. Hann hefði verið þarna með vinum sínum og vitað að eitthvað væri að fara að eiga

sér stað, en þó ekki þetta. Hann hefði vitað til þess að ákærði Þ hefði verið með hnúajárn og hefði hóttað einhverjum vini hans með því. Hann hefði bara séð einhvern hamagang þar inn en muni ekki hver hefði verið að lemja hvern. Hann þekkti tvo sem hefðu verið þarna inni, ákærða Z og T. Hann hefði þó séð ákærða Þ veita ákærða Z högg með einhverju verkfæri. Hann hefði sjálfur verið með stöng sem hann hefði þó ekki notað og vissi að einhverjir aðrir hefðu verið með einhver verkfæri, t.d. hamar. Hann hefði svo komið sér í burtu og ekki séð það sem gengið hefði á fyrir framan klósettin. Hann hefði svo séð slagsmál út um gluggann úr skólastofunni en hann hefði ekki þekkt þá sem þar áttu í hlut.

Vitnið U kvaðst hafa séð ákærða Z og X á leiðinni inn á klósett að fara að tala við tvo stráka, sem hann mundi ekki nöfnin á. Þegar þeir hefðu opnað dyrnar hefðu strákarnir tveir komið út og ráðist á þá með verkfærum. Hann hefði staðið aðeins frá en síðan gengið í burtu þar sem hann ætlaði ekki að taka þátt í þessu. Hann vissi því ekki meira um hvað hefði gerst.

Vitnið Q kvaðst lítið muna eftir atvikum. Hann mundi þó eftir því að hafa verið fyrir utan klósettin þegar átök hefðu átt sér stað. Hann vissi þó ekki á milli hverra. Hann hefði séð einhvern kýla og svo hefðu átökin hafist. Hann hefði ekki orðið var við nein vopn og ekki séð hvað hefði gerst inni á klósettunum að öðru leyti. Hann þekkti ekki aðdragandann en vissi þó að rifrildi hefði verið í gangi milli tveggja hópa. Hann hefði tilheyrt öðrum hópnum sem í hefðu verið ákærði Z, T og P. Til hefði staðið að hittast í [...] fyrst. Hann hefði ekki séð nein átök fyrir utan klósettið og farið á meðan átökin voru enn í gangi. Hann hefði orðið var slagsmál fyrir utan skólann, en ekki séð milli hverra þar sem filmur væru í glugganum.

Vitnið T sagðist hafa verið í tímum með ákærða Z. Ákærði Z hefði komið til sín og beðið sig um að vera með sér allan daginn þar sem hann óttaðist að eitthvað yrði gert við hann. Vitnið hefði því setið með ákærða allan daginn í skólanum. Ákærði hefði svo sagt að þeir hefðu verið beðnir um að hitta ákærða Þ í [...]. Ákærði Z hefði viljað ræða við hann um að útkljá mál á milli þeirra enda hefði hann verið orðinn hræddur. Þangað hefði hins vegar enginn mætt og þeir því farið aftur í skólann. Þar hefðu þeir mætt ákærða Þ á 2. hæð þar sem hann hefði staðið í baðherbergisdyrunum og að mati vitnisins leiddi ákærði Þ strákana inn á baðið. Ákærði Z hefði ætlað að tala við hann. Skyndilega hefði allt verið farið í háaloft og skrall verið komið á loft. Hann taldi að ákærði Y hefði verið með skrallið og hefði lamið ákærða X með því í hnakkann. Ákærði Y hefði svo snúið sér að vitninu og veitt honum eitt högg á bakið með skrallinu þegar hann fór út af klósettinu. Ákærði Þ hefði þá ráðist aftur að X. Hann hefði svo heyrt kallað „hnífur“ og þá farið strax í burtu. Hann hefði farið í tíma og verið þar til öllum hefði verið sagt að fara heim. Þetta hefði allt gerst mjög hratt. Hann hefði ekki séð ákærða Z verða fyrir höggum og

ekki séð neitt af því sem gerðist fyrir utan skólann. Hann hefði séð ákærða Gabríel koma inn með hafnaboltakylfu í hendinni en verið farinn áður en ákærði Gabríel gerði nokkuð.

Vitnið P kvaðst lítið muna eftir atvikum þar sem langt væri um liðið. Hann hefði vitað af látum en ekki séð neitt sjálfur. Aðspurður kannaðist hann ekki við að hafa verið sá sem vísaði ákærða X inn á klósett. Hann taldi að hann hefði ekki farið inn á klósettin og kannaðist ekki við neitt ósætti á milli aðila. Þegar borinn var undir hann framburður hjá lögreglu um að hafa séð ákærða Z koma vopnlausan inn og nota hnefa og hafa séð ákærða P lemja ákærða Z með skiptilykli í höfuðið kvaðst hann ekki muna eftir þessu og ekki geta staðfest neitt. Hann kvaðst þó telja að hann hefði sagt rétt frá hjá lögreglunni.

Vitnið V, starfsmaður [...], kvaðst hafa verið að kenna á 2. hæð skólans. Hann hefði verið með nemanda hjá sér inni í kennslustofu þegar hann hefði heyrt háreysti frammi á ganginum sem hefði stigmagnast hratt. Hann hefði opnað og litið fram og séð þar sex til átta menn í átökum. Hann hefði ekki kannast við neinn þeirra. Þetta hefðu verið hörkuslagsmál á stigapallinum. Hann hefði farið fram og reynt að átta sig á þessu. Hann hefði þá séð að einn mannanna var með hníf í hendi. Hann hefði þá reynt að kalla í mennina og segja þeim að hætta þessu áður en eitthvað alvarlegt gerðist. Hann hefði reynt að nálgast manninn með hnífinn og beint orðum sínum fyrst og fremst til hans. Hann hefði gengið nær og reynt að teygja sig í höndina á honum. Hann hefði þá fengið högg á sig og hrökklast til baka. Fleiri starfsmenn hefðu verið komnir þarna að og slagsmálin hefðu færst niður stigann og út úr húsi. Vitnið hefði séð að einhver annar væri með hníf í stiganum. Einhver hefði komist yfir langa ljósaperu og notað sem barefli. Það hefðu verið blóðslettur á stigaganginum. Hann hefði elt átökin út. Þar hefðu áfram verið átök en ekki sömu hópslagsmál, heldur meira maður á mann. Þar hefði sá sem hann hefði reynt að ná hnífnum af inni verið að slást við annan mann sem hefði verið hávaxinn og sterklegur en blóðugur. Hann hefði síðan farið inn og lögreglan komið fljótlega. Hann hefði bent á nemanda sem hann hefði tekið eftir vönkuðum í hnipri. Hann hefði þá farið að huga að sínum nemendum en þeir allir verið farnir.

Vitnið AA, starfsmaður [...], kvaðst hafa verið að koma úr mat ásamt fleiri starfsmönnum þegar kallað hefði verið til þeirra að það væru slagsmál á klósettum 2. hæðar. Þeir hefðu hlaupið þangað. Honum hefði verið efst í huga að forða nemendum frá þessum látum. Þegar hann hefði komið inn á klósettin hefði einn strákur setið ofan á öðrum og verið að berja hann. Hann hefði verið með eitthvert áhald. Hann hefði reynt að rífa strákinn af hinum en það ekki tekist og starfsmaðurinn sem kom á eftir hafi svo tekið við því en hann farið fram á gang að reyna að stýra nemendum í burtu og hringja í lögregluna. Átökin hefðu borist fram og svo hefði strákur komið með hafnaboltakylfu og barið hraustlega frá sér, m.a. einhverja einstaklinga. Einn starfsmaðurinn hefði náð að afvopna hann en síðan hefði heyrst kallað „hnífur“. Þá hefði vitnið verið kominn lengra

frá og þeir sem voru að slást hefðu farið niður stigann. Hann hefði ekki fylgst meira með slagsmálunum heldur reynt að halda nemendum frá þeim.

Vitnið BB, starfsmaður [...], kvaðst hafa verið að koma úr hádegismat ásamt fleiri starfsmönnum þegar þeir hefðu verið kallaðir til vegna slagsmála á gangi 2. hæðar. Slagsmálin hefðu reynst vera inni á klósettum þar sem tveir strákar hefðu legið á gólfinu í áköfum átökum. Hann hefði sagt þeim sem var ofan á að fara af hinum en sá hefði ekki viljað það og sagst halda að hinn væri með hníf. Vitnið hefði reynt að ná þeim í sundur en það gengið erfiðlega. Það hefði þó tekist og þá hefðu slagmálin borist fram á gang. Fljótlega eftir það hefði strákur komið eftir ganginum og inn í hópinn með hafnaboltakylfu. Vitnið hefði reynt að ná kylfunni af honum en strákurinn hefði verið nautsterkur og fleygt vitninu í gólfið. Vitnið hefði þó staðið upp og á endanum náð kylfunni af stráknum og farið með hana afsíðis til að koma henni í burtu. Hann hefði síðan heyrt öskrað „hnífur“ og þá hefði strákurinn flúið niður á næstu hæð. Leikurinn hefði þá borist út og hann fylgt á eftir. Þar hefðu menn verið í slagsmálum, hnífar verið á lofti og menn blóðugir. Sá sem hefði verið með kylfuna hefði verið í hnífaati við einn strákinn og sveiflað stórum hníf í áttina að hálsinum á honum. Vitnið hefði einnig séð mann brjóta ljósaperu á höfði annars. Hann hefði séð ýmis högg og spörk en gæti ekki lýst þeim nánar. Þegar lögreglan hefði komið hefði strákurinn með kylfuna hlaupið norður með skólanum að gámum. Vitnið hefði fylgt á eftir og kallað til hans að koma og fá aðhlyningu, en þá hefði hann hlaupið í burtu. Þá hefði vitnið farið aftur inn í skólann þar sem lögreglan hefði verið búin að ná tókum á ástandinu. Ástandið hefði verið stórhættulegt og auðveldlega hefðu getað orðið slys á fólki. Mildi væri að ekki hefði farið verr.

Vitnið CC, starfsmaður [...], kvaðst hafa verið að koma úr mat þegar ræstingarstjórinn hefði kallað og sagt að það væru slagsmál á klósettinu á efri hæðinni. Hann hefði farið í að halda öðrum nemendum frá slagsmálunum. Vitnið hefði einu sinni farið inn á klósettið en fljótt út aftur. Þá hefðu tveir strákar legið í gólfinu í átökum en hann hefði í raun ekki séð hvað var að gerast, hver hefði verið að beita hnifum eða vopnum. Hann og annar starfsmaður hefðu tekið símana og hringt á lögreglu. Hann hefði ekki séð hverjir voru í slagsmálunum og ekki séð vopn fyrr en strákur hefði mætt með hafnaboltakylfu. Hann hefði síðan séð slagsmál þar sem hnífum hefði verið beitt út um gluggann. Það hefði virst eins og menn væru að skylmast. Hann kvaðst sjálfur ekki hafa orðið hræddur meðan á þessu hafi staðið en eftir á hefði hann hugsað að þetta hefði getað farið mjög illa.

Vitnið DD, [...], kvaðst hafa verið að setjast við skrifborðið sitt þegar ræstingarstjóri hefði hringt í hana og beðið hana um að koma þar sem allt væri að verða vitlaust. Hún hefði hlaupið inn á gang í austurenda hússins þar sem tvö klósett væri að finna. Þar hefðu verið mikil læti, blóðugir strákar og krakkar búnir að hópast í kring. Hún

hefði reynt að stoppa átökin ásamt fleiri starfsmönnum sem hefðu verið komnir að á undan henni. Hún hefði reynt að komast inn á annað klósettið en það hefðu verið strákar á þeim báðum. Hún hefði séð einn þeirra halda á málmverkfæri, skralli. Það hefði verið erfitt að átta sig á því sem gerðist þar sem dyrnar opnuðust og lokuðust til skiptis og hún hefði ekki séð nein högg. Þegar hún hefði snúið sér við og horft inn ganginn hefði hún séð strák koma hlaupandi á móti sér. Hún hefði ætlað að stoppa hann og séð þá að hann hefði dregið upp hafnaboltakylfu. Á sama tíma hefði innra klósettið opnast og strákar komið þaðan út. Sá með hafnaboltakylfuna hefði virst ætla að ráðast strax á þá. Hún hefði þá kallað til þeirra við dyrnar að loka. Hann hefði þá slegið út um allt og skyndilega hefði hún heyrt: „Hann er með hníf.“ Þá hefðu ákærði Gabriel og ákærði X verið á móti hvor öðrum með hnífa og þeir hefðu síðan farið niður stiga. Hún hefði elt þá niður og þá hefði einn af þeim sem var inni á klósettinu, ákærði Z, verið kominn niður, en hann hefði farið niður stiga hinum megin í húsinu. Hann hefði tekið upp flúorperu og lamið í höfuðið á öðrum þeirra með henni. Hún hefði elt þá áfram út og staðið á milli þeirra en þeir hefðu verið að ráðast hvor á annan með hnífum. Fleira fólk hefði komið og einhver hefði sagt að einn strákur væri slasaður uppi. Hún hefði þá hlaupið upp. Þar hefði einn verið sem hefði áður verið beint á móti klósettinu og hefði orðið fyrir hafnaboltakylfunni. Hann hefði legið á gólfinu grár í framan. Hún hefði reynt að tala við hann og síðan hlaupið inn á skrifstofuna sína til hringja í mömmu hans til að láta hana vita af því að hann væri slasaður og að sjúkrabíll væri á leiðinni. Hún hefði látið skólameistarann vita og fengið hann til að koma. Þegar hún hefði komið til baka hefðu nokkrir strákar verið alblóðugir fyrir utan. Síðan hefði lögregla og sjúkralið komið. Hún hefði einungis kannast við tvo af þeim sem voru í átökunum. Hún hefði séð ákærða Z með skrallið á klósettinu og ákærða Þ. Síðan hefði hún séð ákærða Y þegar lögreglan hefði verið búin að handtaka hann. Ástandið hefði verið hræðilegt fyrir nemendur og starfsfólk og mörgum hafi liðið mjög illa. Eftir þetta hefði ákærði Z haldið áfram í skólanum en ákærðu Y og Þ farið annað. Þau hefðu talið það best þar sem mikil ólga var í gangi.

Vitnið EE, starfsmaður [...], kvaðst hafa verið við kennslu á 3. hæð skólans. Opið hefði verið fram á gang og hann hefði verið að aðstoða nemanda nálægt dyrunum. Hann hefði heyrt skarkala og læti og köll og einhvern hlaupa. Þetta hefði ekki hljómað eðlilega þannig að hann hefði farið fram á gang. Hann hefði heyrt að lætin komu frá stiganum niður á 2. hæð. Þegar hann hefði komið að stiganum hefði hann heyrt brothljóð og séð stráka í stiganum á 1. hæð, farið niður og séð að þeir voru að stympast. Hann hefði farið niður og þá séð strákana fara út og vera í stympingum við dyrnar. Einhver hefði fallið í jörðina og orðið fyrir höggum. Þeir hefðu svo farið út á gangstétt og þar hefði sá þriðji blandast inn í slagsmálin. Þá hefði einn dregið sig út og síðan hefði verið dreginn upp hnífur og honum otað að hinum stráknum og þeir hefðu svo lent saman. Hann hefði ekki séð hnífnum beitt en hefði þó séð að menn væru blóðugir. Hann hefði reynt að skilja

strákana að og ræða við þá. Sá hnífalausí hefði ráðist á þann með hnífinn og ætlað að taka hnífinn af honum. Hnífurinn hefði dottið og þeir lent í jörðinni. Vitnið hefði þá tekið hnífinn og ákveðið að losa sig við hann, svo hann yrði ekki tekinn upp aftur, og hent honum í ruslatunnu. Strákarnir hefðu fallið niður nokkrar tröppur en haldið slagsmálunum áfram neðar á gangstéttinni. Síðan hefði einn strákanna dregið upp stærri hníf en þá hefði verið kallað að lögreglan væri að koma og heyrst í sírenum. Strákurinn hefði þá hætt og hlaupið í burtu.

Vitnið FF, starfsmaður [...], kvaðst hafa verið að koma úr hádegismat og þá séð að lögreglan var mætt á svæðið og nemendur voru slasaðir, með skurð á höfði o.fl. Árásin hefði þá verið um garð gengin og búið að hafa hendur í hári þeirra sem náðust inni í skólanum. Hann hefði tekið upp vopn sem mennirnir báru með sér, hafnaboltakylfu og hníf. Hann hefði fengið ábendingu um að einhver hefði losaði sig við hníf í ruslatunnu og farið með höndina ofan í tunnuna og fundið einn hníf til viðbótar. Hann hefði þá verið kominn með tvo hnífa og hafnaboltakylfu sem hefðu verið notuð í átökunum.

Vitnið lögreglumaður nr. GG kvaðst hafa verið einn af fjórum lögreglumönnum sem mættu fyrstir á vettvang. Á móti þeim hefði tekið gríðarlegur fjöldi af krökkum. Mikill glundroði hefði verið á staðnum og hystería. Þau hefðu verið fáliðuð og vettvangurinn stór og erfiður. Þau hefðu séð þrjá menn blóðuga í andliti sem hefði gefið til kynna alvarleika málsins. Þá hefði legið fyrir grunur um að beitt hefði verið hnífum og bareflum. Þegar þau hefðu farið inn hefðu þau séð hversu alvarleg átökin hefðu verið. Þar hefðu nokkrir verið blóðugir eða slasaðir. Þetta hefði í upphafi verið eitthvað sem lengi hefði verið óttast að gæti gerst. Þau hefðu þurft að byrja á að tryggja þá sem augljóslega hefðu verið hluti af atburðarásinni. Vitni á vettvangi hefðu bent honum á mann sem gekk inn ganginn. Vitnið hefði farið á eftir honum og handtekið hann. Sá hefði verið blóðugur í andliti, í rifnum fötum og með vopn á sér. Svo hefði meiri aðstoð komið og sjúkraflutningamenn til að hlúa að þeim slösuðu. Þá hefði ástandið verið orðið tryggt. Vitað hefði verið að einn gerandi hefði farið af vettvangi og lögreglumenn hefðu farið að leita hans. Annars hefðu allir aðilar verið handteknir á vettvangi. Síðan hefði komið í ljós að hluti af atburðarásinni hefði farið fram á klósettunum á 2. hæð. Þá hefði verið búið að hreinsa vettvanginn að mestu þar sem þríf hefðu verið í gangi þegar atvikin áttu sér stað. Kallaðir voru til rannsóknarlögreglumenn og tæknideild og vettvangurinn rannsakaður. Svo var farið í gegnum allar skólafornar í leit að gerandanum sem fór af vettvangi.

Vitnið lögreglumaður nr. HH kvaðst hafa verið boðaður í [...]. Þar hefði verið rosalega mikið uppnám og margir lögreglumenn á staðnum. Vettvangurinn hefði verið kaótískur og það hefði tekið svolítinn tíma að ná utan um það sem hefði gerst þarna. Handtökur hefðu verið afstaðnar eða í gangi og einhverjir fluttir á slysadeild. Á þessum tíma hefði ekki verið skýrt hverjir væru áráspólar og hverjir sakborningar.

Lögreglumenn hefðu verið sendir á slysadeild til þess að ræða við þá sem voru fluttir þangað. Nokkurn tíma hefði tekið að ná utan um atburðarásina. Í ljós hefði komið að þetta hefði átt að vera uppgjör milli tveggja hópa.

Vitnið lögreglumaður nr. II kvaðst ekki hafa komið á vettvanginn heldur hefði hann lagt nokkuð frá og sett upp dróna til að leita að tilteknum einstaklingi eftir lýsingu. Leitinn hefði ekki borið árangur.

Vitnið F sérfræðilæknir greindi frá skoðun sinni á ákærða X. Hann hefði haft grunna skurði á andliti sem hefði ekki þurft að sauma. Útlit skurðanna samræmdest því að eggvopni hefði verið beitt. Svo hefði hann verið með stuttan skurð á enni og á vinstri augabrún sem gapti ekki. Það hefði verið meira eins og sljór áverki, eins og eftir högg. Hann hefði verið með bóligna neðri vör og aumur yfir framhandlegg, úlnlið og lófa. Ekki hefði verið grunur um brot eða sinaslit eða neitt slíkt, heldur einungis bólgu og tognun. Áverkarnir hefðu virst samræmast lýsingu ákærða á atvikum. Vitnið myndi ekki til þess að ákærði hefði haft áverka á hnúum. Hann hefði skráð frekar nákvæmlega minniháttar meiðsli á handlegg þannig að hann gerði ráð fyrir að ef hnúaáverkar hefðu verið til staðar hefðu þeir verið skrásettir.

Vitnið greindi jafnframt frá skoðun á brotþola B. Hann hefði verið með hruflsár og mar í andliti, kringum bæði augu og yfir kinnbeinum. Svo hefði hann verið með gapandi skurði, með mjög beinar skurðbrúnir. Útlit þeirra hefði samræmst svöðusári við beitingu eggvopns eða einhvers beitts. Hægra megin fyrir ofan eyra hefði verið 5 cm langur skurður og vinstra megin yfir gagnauga 3–4 cm langur skurður. Þá hefði hann haft hruflsár á báðum hnjám og báðum lófum sem gætu verið eftir að reyna að ná jafnvægi á jörðinni.

Þá greindi læknirinn frá skoðun á ákærða Y. Hann hefði verið með mar og hrufll og minniháttar sár á vinstra andliti og gagnauga. Yfir vinstra gagnauga hafi verið 2 cm grunnur en gapandi skurður sem hefði verið límdur. Ekki væri hægt að fullyrða eftir hvað það væri þar sem skurðurinn hefði verið það grunnur. Hrufll hefði verið á enni hægra megin. Svo hefðu verið sex marblettir eða bólguför eftir baki sem samræmist til dæmis hafnaboltakylfu eða einhverju sljóu vopni. Hann myndi ekki eftir neinum glerbrotum. Erfitt væri að fullyrða hvort ákærði hefði orðið fyrir mörgum höggum en líklegast væru þau nokkur.

Vitnið G sérfræðilæknir staðfesti vottorð sitt vegna ákærða Z. Ákærði Z hefði greint frá því að hafa orðið fyrir árás í [...]. Hann hefði kvartað undan verk í höfði og verið með skurð þar og sagt að hann hefði verið laminn með skiptilykli. Þá hefði hann verið með sár á hægri baugfingri, mar á hálsi og verið illt í bakinu. Hann hefði haft 10 cm langt sár á höfuðkúpunni, fullþykktarskurð. Höggið hefði náð alveg inn að höfuðkúpu. Ekki væri hægt að segja til um fjölda högganna. Hann hefði verið með rauða marrák á hálsi sem hefði sést báðum megin. Tekin hefði verið röntgenmynd af

brjósthryggnum en ekki greinst áverkar á því svæði. Áverkar á höfði hefðu verið hreinsaðir, ákærði útskrifaður og ráðlagt að taka verkjalyf og koma aftur ef eitthvað nýtt kæmi í ljós. Ákærða hefði verið ráðlagt að vera með saumana í sjö til tíu daga en áætlað hefði verið að hann myndi jafna sig og ná bata á 15 dögum ef engin sérstök vandkvæði kæmu upp. Hann taldi áverka ákærða geta samræmst því að hann hefði verið sleginn með skralli eða álíka verkfæri. Það gæti verið lífshættulegt að slá mann með slíku áhaldi.

Þá greindi læknirinn frá skoðun sinni á A. Hann hefði haft áverka sem samræmdust því að hann hefði verið sleginn ítrekað með hafnaboltakylfu. Hann hefði haft áverka á vinstri olnboga og vinstri ökkla. Hann hefði sagt að ráðist hefði verið á sig með hafnaboltakylfu, skiptilykli og hnífum. Miðað við áverkana gæti hafa verið ráðist á hann með barefli í samræmi við það sem hann lýsti og þá frekar hafnaboltakylfu eða skiptilykli en hníf.

Vitnið E, sérfræðingur í bráðalækningum, greindi frá vottorði sínu vegna ákærða Þ. Ákærði Þ hefði greint frá því að ráðist hefði verið á sig og hann laminn í framan í skólanum. Hann hefði verið með áverkamerki á andliti og farið í tölvusneiðmynd af höfði. Í ljós hefði komið að hann hefði verið með brot á andlitsbeini. Háls-, nef- og eyrnalæknir hafi fylgt málinu eftir. Brotið hefði verið lítið tilfært þannig að ekki þurfti að gera aðgerð. Erfitt væri að segja til um hvort áverkarnir væru eftir mörg högg en þetta passi við dreifðan áverka eins og gæti verið eftir hnefahögg eða barefli. Talsvert afl þurfi til að valda kinnbeinsbroti.

Brotapólinn C kvaðst hafa setið í stól er ákærði Gabríel hefði komið í áttina til hans. Hann hefði tekið af sér heyrnartól til að heyra hvað hann væri að segja og verið tilbúinn að standa upp. Ákærði hefði kallað hann „tussu“. Annars hefði hann ekki átt nein orðaskipti við ákærða þennan dag. Ákærði hefði þá skvett heitu vatni framan í hann og blindað hann. Síðan hefði hann fengið glasið í andlitið og í kjölfarið einhver högg. Brotapóli hefði reynt að ná höggum á ákærða á móti en það hefði ekki tekist þar sem hann hefði ekki séð neitt. Svo hefði fangavörður komið og náð þeim í sundur. Hann hefði þá farið úr bolnum sínum til að stöðva blæðinguna með honum. Hann hefði fengið djúpan skurð fyrir neðan og ofan auga og þurft að fara í aðgerð í svæfingu. Hann hefði einnig fengið skurði við munnvik og á hálsi. Hann glímdi enn við afleiðingar þessa. Augnhárin festust ennþá á efra augnloki og mikill þurrkur væri í auganu. Hann þurfi enn að setja dropa í það. Árásin hefði því haft veruleg áhrif.

Vitnið I var spurður um atvik í kennslustofu á [...], í II. kafla ákærunnar. Hann kvaðst ekki kannast neitt við þetta atvik. Hann hefði verið í bullandi neyslu og muni ekki neitt.

Vitnið K, sérfræðingur í bráðalækningum, greindi frá því að brotapóli C hefði komið á bráðamóttöku og lýst því að glas hefði verið brotið í andlitið á honum.

Áverkarnir hefðu samræmst því. Brotapoli hefði fengið djúpan skurð fyrir neðan vinstra auga eða augnlok, auk fleiri skurða í andliti og hálsi. Hann hefði haft skurði á hálsi og við höku, við munnvik og nef. Brotapola hefði verið vísað til augnlækna þar sem bráðalæknar hefðu ekki getað saumað djúpa skurðinn við augað. Áverkarnir hefðu verið alvarlegir og brotapoli hefði getað misst augað.

Vitnið L, sérfræðingur í augnlækningum, greindi frá skoðun sinni á brotapola C. Hún hefði verið fengin til þess að meta áverka hans eftir að bráðalæknir og lýtalæknir hefðu verið búnir að skoða hann. Fundist hafi nokkrir skurðir á augnlokum vinstra megin sem kröfðust viðgerðar. Fleiri skurðir hafi verið í andliti og á hálsi en hún hafi ekki komið nálægt þeim. Áverkarnir gætu vel samræmst því að vera tilkomnir eftir högg með glasi í andlit. Sauma þurfti skurðina á augnlokum en við skoðun í aðgerðinni, sem gerð var í svæfingu, fannst ekki neinn dýpri skaði á sjálfum augunum eða öðrum líffærum. Ef áverkinn hefði ekki verið meðhöndlaður hefði augnlokið ekki legið eðlilega að auganu. Það hefði valdið útlitslegu lýti og getað leitt til þurrks og mögulegra annarrar sáramyndunar á augunum seinna meir.

Vitnið brotapolinn M, [...] fangelsisins á [...], lýsti því að það hefðu verið átök inni á deild. Fangaverðir hefðu farið og leyst þau upp og fært ákærða þaðan. Hann hefði verið settur í járn og færður í annan klefa af fjórum fangavörðum. Á leiðinni hefði hann kvartað undan því að þeir væru að taka harkalega á honum. Þeir hefðu þá losað um takið á honum en þá hefði ákærði náð að skalla hann í höfuðið. Brotapoli hafi fengið hnykk á öxl við þetta og hafi síðan átt við vandamál í öxl að stríða. Þá hefðu gleraugun hans brotnað. Hann kvað útilokað að ákærði hefði hrasað og rekist í hann. Fjórir fangaverðir hafi verið í kringum ákærða og haldið hafi verið í hann eins og sjáist á myndbandi af atvikinu. Við aðgerðir sem þessar sé alltaf reynt með öllum tiltækum ráðum að gæta þess að enginn skaðist. Þá sé stutt við menn í svona tókum svo þeir eigi ekki að eiga erfitt með gang.

Vitnið JJ fangavörður kvað ákærða Gabriel hafa verið ósáttan við mann inni á deild. Fangaverðir hefðu rokið til þegar þeir hefðu séð að átök væru í gangi. Ákærði hefði neitað að róa sig og þeir því neyðst til að setja hann í tók og handjárn. Við flutning yfir í öryggisklefa hefði ákærði skallað samstarfsmann hans, M. Aðspurður hvort verið gæti að ákærði hefði misstigið sig eða hrasað kvaðst vitnið stórefa það. Hann hefði haldið í aðra öxlina á honum og M í hina. Þeir hefðu að einhverju leyti haldið undir hann. Frá hans sjónarhorni hefði ákærði tekið sérstaklega rykk í átt til M.

Vitnið KK fangavörður greindi frá því að hafa átt þátt í því að flytja ákærða Gabriel í biðklefa. Fangaverðirnir JJ og M hefðu verið með ákærða í taki, þannig að þeir hefðu haldið hvor í sína öxlina. Ákærði hefði beðið þá um að slaka aðeins á takinu. Þeir hafi orðið við því og þá hefði hann séð ákærða skalla M. Aðspurður kvaðst hann telja

mjög ólíklegt að ákærði gæti hafa misstigið sig og fallið til þannig að höfuð hans hefði rekist í. Hann hefði ekkert séð sem gæti bent til þess.

Vitnið LL fangavörður lýsti því að átök hefðu verið inni á gangi. Þeir hefðu farið inn, fjórir fangaverðir, til að stoppa þau af. Í kjölfarið hefðu þeir farið með ákærða inn í biðklefa og hann hefði verið handjárnaður. Á leiðinni inn hefði hann skallað fangavörð sem hefði verið að leiða hann inn. Ákærði hefði verið járnaður og haldið utan um báðar hendur hans. Hann hefði beðið um að takið yrði losað en vitnið vissi ekki hvort orðið hefði verið við því þar sem hann hefði ekki haldið sjálfur. Aðspurður hvort verið gæti að ákærði hefði misstigið sig og fallið á brotapolu kvaðst hann telja það ólíklegt.

Vitnið O heilsugæslulæknir staðfesti vottorð sitt vegna brotapolans M. Hann sagði að brotapolinn hefði komið til sín um tveimur vikum eftir atvikin og sagst vera með verk eftir atburð í vinnunni. Hann hefði illa getað lýst því sem gerðist þar sem allt hefði gerst mjög snögg. Hann hefði fengið verk í hægri öxl en vissi ekki nákvæmlega hvenær í handalögmálunum það hefði gerst. Hann hefði lýst nokkrum átökum en ekki gert sér grein fyrir meiðslum fyrr en eftir á. Við skoðun hefði hann verið með fulla hreyfigetu á öxlinni en verið þar með verk sem benti til áverka á sin. Þöntuð hefði verið segulómun til þess að sjá hvað raunverulega væri í gangi, en niðurstaðan hefði verið að allt væri eðlilegt og sérstaklega þessi sin sem grunur hefði verið um bólgu eða áverka á. Það útilokaði þó ekki verki og bólgu. Þegar brotpoli hefði fengið niðurstöður úr segulómuninni hefði hann talað um að hann fyndi enn til verkja. Þennan áverka væri ekki hægt að fá við skalla eingöngu en ef eitthvað annað fylgdi gæti það vel hafa komið til.

Niðurstaða

I. kafli ákærunnar

Ákæruliður I.1 og I.2

Í fyrstu tveimur liðum ákærunnar er fjallað um háttsemi sem átti sér stað inni á salernum á 2. hæð [...] og fyrir framan þau. Í 1. lið I. kafla ákærunnar er ákærðu X og Z gefin að sök líkamsárás, með því að hafa í sameiningu inni á salernum og fyrir utan þau ráðist með ofbeldi að ákærða Þ og m.a. kýlt hann ítrekað með krepptum hnefa í andlit og búk. Ákærða Þ er í 2. lið I. kafla ákærunnar gefin að sök sérstaklega hættuleg líkamsárás á sama tíma með því að hafa slegið ákærða Z ítrekað með skralli, sem vó samtals 508,05 grömm og var 23,7 cm að lengd. Ákærðu neita allir sök í þessum ákæruliðum.

Ákærði X kvaðst hafa komið [...], ákærða Z, til aðstoðar umrætt sinn. Hann kvaðst hafa mætt óvopnaður og hafa ætlað að ræða við drengi sem hefðu hótað Z. Hann hefði ekki veitt neinum högg heldur varist höggum, reynt að ná vopnum af mönnum og skilja menn að. Hann kvað ákærðu Þ og Y hafa verið með skrall og hamar og hefðu ráðist á hann og Z. Hann gat þó ekki greint frá því hver hefði veitt hverjum högg.

Ákærði Z kvað upphaf átakanna hafa verið að hann hefði fengið skrall í höfuðið inni á salerninu. Hann hefði fengið þrjú högg með því frá ákærða Þ. Hann hefði í framhaldinu kýlt ákærða Þ. Þá lýsti hann því hvernig hann hefði setið ofan á ákærða Þ og reynt að varna því að ákærði Þ gæti slegið sig með skrallinu. Hann hefði veitt ákærða Þ fleiri högg þar sem hann hefði neitað að hætta. Þá kvað hann X ekki hafa veitt nein högg heldur reynt að skilja menn að.

Ákærði Þ kvað ákærða X hafa átt upptökin að slagsmálunum með því að kýla sig í andlitið. Hann kvaðst þess fullviss að það högg hefði valdið kinnbeinsbroti hans. Hann kvaðst hafa reynt að verja sig með því að slá frá sér en þeir hefðu margir ráðist á hann saman og verið vopnaðir. Hann hefði séð hamar, skrall og hníf. Hann neitaði því að hann hefði verið vopnaður. Þá lýsti hann því að honum hefði verið haldið niðri á meðan ákærðu X og Z hefðu lamið hann í andlitið. Hann kvaðst hafa náð skrallinu af einhverjum og slegið frá sér í varnarskygni en hann hefði verið mjög óttasleginn.

Nokkur vitni voru að atvikinu við salernin en framburður þeirra er alls ekki skýr eða einróma. Ákærði Y var með ákærða Þ inni á salerninu þegar aðrir komu þar inn. Hann kvaðst hafa verið inni á klósettbás þegar átökin hófust en þegar hann hefði opnað hefði hann séð marga stráka vera að ráðast á ákærða Þ. Ákærði Y neitaði því að þeir ákærði Þ hefðu verið með vopn meðferðis en kvað hina strákana hafa verið með þau og að ákærði Þ hefði náð skralli af einhverjum þeirra. Vitnið B var við salernin umrætt sinn. Hann kvaðst hafa séð er ákærði Þ hefði lamið ákærða Z með skrallinu. Eftir það hefði hann séð ákærða Z slá nokkrum sinnum til baka. Ákærði X hefði hins vegar einungis reynt að skilja þá að. Vitnið A sat á bekk fyrir utan salernin. Hann kvaðst hafa séð ákærða Þ slá ákærða Z í höfuðið með skralli. Vitnið R kvað ákærðu Þ og Y hafa verið með skrall og hamar á salerninum. Upphafið að átökum hefði verið að ákærði X hefði verið sleginn í höfuðið. Í kjölfarið á því hefði hafist bardagi inni á salerni. Vitnið S kvaðst hafa séð ákærða Þ veita ákærða Z högg með verkfæri en hann hefði annars ekki vitað hver hefði lamið hvern. Vitnið U kvaðst einungis hafa orðið vitni að því er ákærðu Z og X hefðu farið inn á salernin og ákærðu Þ og Y hefðu ráðist að þeim með verkfærum. Vitnið Q kvaðst hafa séð einhvern kýla og í kjölfarið hefðu átök hafist. Hann gat ekki greint sérstaklega frá hlut neins ákærðu. Vitnið T taldi að ákærði Y hefði lamið ákærða X með skralli í hnakkann. Þá kvað hann ákærða Þ hafa ráðist á ákærða X. Vitnið P kvaðst í dag ekkert muna eftir atvikum en taldi að hann hefði sagt satt hjá lögreglu, en hann sagði þar m.a. að ákærði X hefði slegið ákærða Þ eftir að ákærði Þ hefði tekið upp skiptilykil. Þá hefði hann séð högg milli ákærðu Z og Þ. Ákærði Z hefði einungis beitt fyrir sig hnefum en ákærði Þ hefði lamið hann með skiptilyklinum.

Nokkrir starfsmenn skólans komu að átökunum á salerninum. Þeir lýstu því allir að tveir strákar hefðu legið á gólfinu í átökum. Þeir reyndu að skilja þá að en það gekk

erfiðlega og kom fram að sá sem hefði verið ofan á hefði ekki viljað sleppa hinum þar sem hann teldi að sá sem var undir væri með vopn sem hann myndi beita á sig.

Eins og fram er komið liggja fyrir myndbandsupptökur af atvikunum í [...]. Myndefnið nær þó ekki til þess sem gerist inni á salernunum. Hins vegar sést þegar ákærðu fara inn á salernin og sá hluti átakanna sem fer fram fyrir framan salernin.

Fyrir liggur að átökin áttu sér talsverðan aðdraganda eins og fram hefur komið í skýrslum fyrir dómi og virðist svo sem einhvers konar uppgjör hafi verið fyrir höndum á milli tveggja hópa. Það liggur fyrir að ákærðu Þ og Y fóru fyrst inn á salerni 2. hæðar og skömmu síðar fór ákærði X inn og ákærði Z fylgdi á eftir. Allir ákærðu halda því fram að þeir hafi verið vopnlausir en hinir hafi komið með vopnin. Ljóst er að þar voru a.m.k. hamar og skrall en ekki er hægt að fullyrða, í ljósi framburðar fyrir dómi og málgagna, hver kom með verkfærin. Þó er ljóst að ákærði Þ hélt á skrallinu og sló frá sér með því, en hann hefur sjálfur gengist við því og framburður margra vitna styður það.

Eins og að framan greinir neitar ákærði X því alfarið að hafa ráðist að neinum en ákærði Þ kveður hann hafa slegið sig og valdið sér kinnbeinsbroti. Ákærði X kveðst hins vegar einungis hafa reynt að stilla til friðar og er það í samræmi við framburð ákærða Z. Engin vitni hafa borið um að hann hafi ráðist að neinum, fyrir utan framburð vitnisins P hjá lögreglu þar sem hann taldi að ákærði X hefði kýlt ákærða Þ þegar ákærði Þ hefði komið að honum með vopn. Hann kvaðst þó ekki alveg viss enda hefði þetta gerst svo fljótt og fyrir dóminum kvaðst hann ekki muna eftir þessu. Þá hafa nokkur vitni tekið undir að ákærði X hafi reynt að skilja menn að. Á framlögðu myndbandi sést ákærði X ekki veitast að neinum. Í ljósi þessa þykir ákæruvaldið ekki hafa sýnt fram á svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás og verður hann því sýknaður af ákærulið I.1.

Ákærði Z hefur gengist við því að hafa slegið ákærða Þ og kvað mögulegt að áverkar á honum væru af sínum völdum. Þetta hefði þó verið eftir að ákærði Þ hefði veitt honum högg með skrallinu og hann hefði verið að verja sig. Ákærði Þ heldur því jafnframt fram að hann hafi verið að verja sig með því að slá með skrallinu. Nokkur vitni hafa, eins og að framan er lýst, greint frá því að ákærði Þ hafi lamið ákærða Z með skrallinu. Þá liggur fyrir vottorð læknis sem staðfest hefur verið fyrir dómi um áverka á honum sem samræmist því að hann hafi fengið högg með þungu verkfæri. Er því sannað að ákærðu Z og Þ viðhöfðu þá háttsemi sem þeim er gefin að sök í ákæruliðum I.1 og I.2, utan þess að ekki er sannað að ákærði Þ hafi slegið skrallinu oftari en einu sinni í höfuð ákærða Z.

Samkvæmt 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er verk refsilaust að því leyti sem það hefur verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögmatrí árás, sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum, sem séu augskýrnilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til. Hafi maður farið út fyrir

takmörk leyfilegrar neyðarvarnar og ástæða þess er sú að hann hefur orðið svo skelfdur eða forviða að hann gat ekki fullkomlega gætt sín skal honum ekki refsað.

Við mat á því hvort 12. gr. almennra hegningarlaga eigi við í málinu verður að líta til þess að svo virðist sem ákærðu hafi gengið inn í aðstæður vitandi það að til átaka myndi koma. Ekki er fullkomlega ljóst hver átti upptökin að átökunum. Þá voru ákærðu umkringdir vinum sínum sem hæglega hefðu getað aðstoðað, þeir hefðu getað hlaupið í burtu eða hringt eftir hjálp. Er því ekki hægt að fallast á að skilyrði neyðarvarnar séu uppfyllt og 2. mgr. 12. gr. á heldur ekki við.

Þar sem ákærði X hefur verið sýknaður af ákæru í ákærulið I.1 verður ákærði Z ekki sakfelldur fyrir samverknað. Þá verður ekki fullyrt að hann beri ábyrgð á broti á andlitsbeinum ákærða P, einkum í því ljósi að ákærði P kvaðst þess fullviss að ákærði Z hefði ekki veitt honum þann áverka. Verður brot ákærða Z í ákærulið I.1 því heimfært til 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot ákærða P varðar hins vegar við 2. mgr. 218. gr. sömu laga í ljósi þeirrar háskalegu aðferðar sem hann beitti.

Ákæruliður I.3

Í þessum lið ákærunnar er ákærða Gabríel gefin að sök sérstaklega hættulega líkamsárás og ákærða P gefin að sök líkamsárás. Er háttsemi ákærða Gabríels lýst svo að hann hafi slegið tvívegis með hafnaboltakylfu, sem vó samtals 825 grömm og var 81 cm að lengd, í áttina að ákærða Z og í framhaldinu slegið A fjórum sinnum með kylfunni í framhandlegg við olnboga og í vinstri ökkla fyrir utan salernin á 2. hæð. Því næst hafi hann ráðist að ákærða X vopnaður hnífi í anddyri á 1. hæð skólans þar sem hann hafi lagt þrisvar sinnum til andlits ákærða X. Fyrir utan skólann hafi ákærði Gabríel lagt samtals fimm sinnum til andlits ákærða X með hnífnum áður en ákærði P kýldi ákærða X einu höggi með krepptum hnefa á hægri vanga með þeim afleiðingum að ákærði X féll í jörðina. Í kjölfarið traðkaði ákærði Gabríel tvívegis á efri hluta líkama ákærða X, auk þess sem hann sparkaði tvívegis í hann þar sem hann lá í jörðinni.

Ákærði Gabríel neitar sök. Ákærði P játar háttsemina sem lýst er í þessum ákærulið en neitar sök og byggir á því að um neyðarvörn hafi verið að ræða.

Ákærði Gabríel kvaðst hafa komið í [...] til að hjálpa vini sínum, ákærða Y, sem hringdi í hann og lýsti því að verið væri að ráðast á hann og vin þeirra, ákærða P. Fram hefði komið að árásarmennirnir væru átta og allir vopnaðir og því hefði hann tekið með sér vopn. Hann viðurkenndi að hafa beitt kylfunni á A tvisvar sinnum. Ákærði Z og A hafa lýst atvikum með þeim hætti sem greinir í ákærunni. Í myndbandinu sem liggur fyrir í málinu sést greinilega hvar ákærði Gabríel kemur vopnaður kylfu og slær henni í áttina að ákærða Z og hvar hann slær A fjórum sinnum. Þá liggur fyrir læknisvottorð sem staðfest hefur verið fyrir dóminum um áverka á A sem samræmast því að vera eftir högg með hafnaboltakylfu. Verður ákærði Gabríel því sakfelldur fyrir þann hluta háttseminnar.

Ákærði Gabríel kvaðst ekki hafa ætlað sér að stinga neinn. Hann hefði verið hræddur og reynt að komast í burtu en ákærði X hefði staðið fyrir framan dyrnar með vopn. Hann hefði sveiflað hnífnum til að komast út. Ákærði X kvaðst hins vegar hafa bakkað út undan ákærða Gabríel sem hefði síðan skorið hann sjö sinnum í andlitíð.

Fyrir liggur læknisvottorð, sem staðfest hefur verið fyrir dómi, þar sem fram kemur að ákærði X hafi haft nokkur grunn og löng yfirborðssár á báðum vöngum sem samræmdust því að eggvopni hefði verið beitt á hann. Þá liggur fyrir skýrt myndefni frá atvikinu. Verður ekki betur séð en að ákærði X hörfi út undan ákærða Gabríel. Sést þar hvar ákærði Gabríel leggur ítrekað til ákærða X með hnífnum. Verður ákærði Gabríel því jafnframt sakfelldur fyrir að hafa lagt til andlits ákærða X með hnífnum eins og lýst er í ákæru.

Á myndbandinu má skýrlega greina að ákærði Þ veitist að ákærða X þannig að hann fellur í jörðina en ákærði Þ hefur gengist við þeirri háttsemi. Hann kvaðst hafa orðið óttasleginn við að sjá hníf og þetta hefði verið í varnarskyni. Á myndbandinu sést að ákærðu Gabríel og X eiga í átökum en ákærði Þ kemur aftan að ákærða X og kýlir hann. Hann blandar sér því sjálfur inn í átökin. Á þessum tíma var fjöldi starfsmanna viðstaddur og lögreglan á leiðinni. Var þessi háttsemi ákærða Þ því ekki á nokkurn hátt nauðsynleg og verður því hafnað að 12. gr. almennra hegningarlaga eigi við. Verður ákærði Þ því sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið og er háttsemi hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Í kjölfarið á framangreindu sést skýrlega á myndbandinu hvar ákærði Gabríel traðkar og sparkar í líkama ákærða X þar sem hann liggur í jörðinni. Ákærði X kveðst þó ekki muna atvikin á þessum tíma heldur hafa rankað við sér inni í sjúkrabifreið. Hann hafði hins vegar ýmsa áverka á efri hluta líkamans sem gætu samræmst því að hann hefði fengið högg eða að traðkað hefði verið á honum. Með hliðsjón af þessu er sannað að ákærði Gabríel sparkaði í ákærða X og traðkaði á honum eins og lýst er í ákæru. Brot hans í þessum ákærulið eru rétt heimfærð til refsíákvæðis í ákæru.

Ákæruliður I.4

Í þessum ákærulið er ákærðu Y, Gabríel og Z gefin að sök sérstaklega hættuleg líkamsárás. Er háttsemi þeirra nánar lýst þannig að ákærða Gabríel sé gefið að sök að hafa ráðast að B með hníf fyrir utan skólann og lagt þrisvar sinnum til andlits hans. Þeir hafi í kjölfarið fallið til jarðar þar sem þeir tókust á. Í framhaldinu hafi ákærði Y rekið hné sitt þrisvar sinnum í B, þar af a.m.k. einu sinni í höfuð hans, á meðan ákærði Gabríel kýldi B fjórum sinnum í líkamann með krepptum hnefa. Í kjölfarið hafi ákærði Z slegið með ljósaperu í höfuð ákærða Y. Þá hafi ákærði Gabríel tvívegis lagt til andlits B með hníf sem ákærði Y afhenti honum, auk þess sem hann gerði tilraun til þess að stinga B með hnífnum í aftanvert lærið.

Ákærði Y hefur játað háttsemina en neitar sök þar sem hann telur hegðun sína ekki saknæma. Ákærðu Gabríel og Z neita sök. Ákærði Y kveður það ekki hafa verið ætlun sína að meiða B með því að reka hnéd í hann heldur hefði hann verið að ýta honum af vini sínum, ákærða Gabríel, þar sem hann hefði óttast um vin sinn. Hann hefði síðan rétt ákærða Gabríel hníf til að fara með hann í burtu en honum hefði ekki dottið í hug að ákærði myndi nota hann. Þá kvaðst hann skyndilega hafa fengið ljósaperu í höfuðið og fengið glerpúður í augun.

Ákærði Z greindi frá því að hann hefði orðið vitni að árás á B með hnífum og séð hann verða alblóðugan. Hann hefði óttast um vin sinn og viljað hjálpa honum. Hann hefði verið með flúorperuna í höndunum og hefði reynt að hjálpa með því að lemja árásarmann með henni.

Ákærði Gabríel kannaðist ekki við að hafa beint hníf að andliti B og taldi áverka hans geta verið eftir eitthvað annað. Hann hefði barið hann með skaftinu á hnífnum. Þá hefði B kýlt hann og hann hefði kýlt til baka. Hann kvaðst hafa skipað ákærða Y að rétta sér hnífinn sinn.

Brotapolinn B kvað ákærða Gabríel hafa skorið sig tvisvar sinnum í höfuðið og einnig lamið sig á hnakkann með skaftinu á hnífnum. Þá lýsti hann því að hann hefði endað á hnjúnum á jörðinni þar sem þrír menn hefðu lamið hann í höfuðið.

Framangreind atburðarás sést skýrt á myndbandinu úr öryggismyndavélum [...]. Sést þar hvar ákærði Gabríel leggur til brotapolans B og hann er blóðugur eftir. Sést síðan hvar þeir eru í átökum og falla niður brekku og í jörðina. Þá halda þeir áfram í átökum og ákærði Y blandast í leikinn. Þar sést ákærði Gabríel kýla B eins og lýst er í ákæru. Í kjölfarið afhendir ákærði Y ákærða Gabríel hníf sem ákærði Gabríel beinir þegar að B. Ákærði hefur borið því við að hann hafi þarna beint skaftinu á hnífnum að B og virðist sem svo geti verið. Þá reynir hann greinilega að stinga B með hnífnum í aftanvert lærið en B nær að forðast stungu. Samkvæmt læknisvottorði brotapolans B, sem staðfest hefur verið fyrir dómi, hafði hann tvo stóra skurði sem voru eftir eggvopn. Þá hafði hann fleiri áverka sem samræmast atvikum eins og lýst er í ákæru og sjá má á myndbandinu. Í samræmi við framangreint verður ákærði Gabríel sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið, þó þannig að hann hafi í síðara skiptið sem hann beitti hníf á brotapolann B beitt skaftinu á hnífnum á höfuð hans. Er háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Háttsemi ákærða Z sést skýrt á myndbandinu. Hann kveðst hafa verið að koma vini sínum til bjargar, auk þess sem hann vísar til þess að ljósaperan sem hann hafi notað hafi verið létt og úr plasti. Ákærði Z hljóp inn í átökin sem um ræðir og sló ákærða Y með perunni. Verður ekki fallist á að þessi háttsemi hafi verið nauðsynleg í skilningi 12. gr. almennra hegningalaga og verður háttsemin ekki felld undir neyðarvörn. Þótt ekki hafi verið rannsakað nánar hvernig ljósaperan var sem ákærði beitti sést á myndbandinu

hvernig peran brotnar. Þá var ákærði Y með grunnan en gapandi skurð yfir vinstra gagnauga. Ákærði Z er því sakfelldur samkvæmt þessum ákærulið og er háttsemi hans þar rétt heimfærð til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga í ljósi þeirrar hættulegu aðferðar sem hann beitti.

Háttsemi ákærða Y sést einnig skýrt á myndbandinu. Þegar hann kemur að átökunum er ekki annað að sjá en að brotaþolinn B haldi ákærða Gabríel niðri. Hann veitist engu að síður fólkskulega að brotaþola. Er ljóst að háttsemi hans var ekki nauðsynleg til að verjast byrjaðri eða yfirvofandi árás og á 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga því ekki við um háttsemina. Það sama gildir um 2. mgr. 12. gr. Þá þykir sú skýring hans að hann hafi afhent ákærða Gabríel hnífinn til þess að hann gæti farið á brott með hann ótrúverðug og hún er ekki í samræmi við framburð ákærða Gabríels. Verður ákærði því sakfelldur fyrir háttsemi sína í þessum lið ákærunnar og er hún rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður 1.5

Ákærði Y hefur skýlaust játað sök samkvæmt þessum ákærulið. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

II. kafli ákærunnar

Í þessum kafla ákærunnar er ákærða Gabríel gefin að sök sérstaklega hættuleg líkamsárás með því að hafa í kennslustofu í fangelsinu á [...] ráðist á C með því að skvetta heitu vatni úr glasi á C og í framhaldinu slegið glasinu í andlit hans og kýlt hann ítrekað með krepptum hnefa í andlit og búk.

Ákærði neitar sök. Hann vildi ekki tjá sig um atvikið en taldi áverka á brotaþola geta hafa verið af sínum völdum. Þá kvaðst hann hafa upplifað rasisma af hálfu brotaþola sem hann gæti ekki liðið. Brotaþoli kvaðst ekki hafa átt nein orðaskipti við ákærða og ekki hafa átt sér neins ills von þar sem hann hefði setið við tölvuskjáinn. Lýsti hann því hvernig ákærði hefði skyndilega skvett heitu vatni framan í hann þannig að hann hefði blindast. Hann hefði svo fengið glasið í andlitið og í framhaldi orðið fyrir höggum.

Í málinu liggur fyrir myndband af atvikinu þar sem atburðarásin sést skýrt og greinilega. Sést þar hvernig ákærði gengur að brotaþola sem snýr sér þá að honum sitjandi við tölvuna. Ákærði skvettir úr glasi framan í brotaþola og slær hann síðan með glasinu í höfuðið þannig að glasið brotnar og kýlir hann nokkrum sinnum í andlit og líkama. Ekki er að sjá að brotaþoli hafi aðhafst nokkuð sem gefi tilefni til viðbragða af hálfu ákærða.

Með framangreindu er sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í II. kafla ákærunnar og er brot hans þar rétt heimfært til refsí-
ákvæða.

III. kafla ákærunnar

Í III. kafla ákærunnar er ákærða Gabríel gefið að sök brot gegn valdstjórninni með því að hafa skallað fangavörð í andlitið þar sem hann var við skyldustörf.

Ákærði neitar sök. Hann lýsti því að hann hefði verið mjög lyfjaður og átt erfitt með að standa. Hann hefði þarna misstigið sig og líkami hans þá farið í áttina að fangaverðinum.

Fangavörðurinn sem um ræðir lýsti atvikinu þannig að fjórir fangaverðir hefðu verið að fylgja ákærða og tveir verið með hann í tókum. Þegar þeir hefðu losað um takið á ákærða, að beiðni ákærða, hefði ákærði skallað hann í höfuðið. Hann taldi útilokað að ákærði hefði misstigið sig eða hrasað og vísaði til þess að þess væri ávallt gætt vandlega að enginn slasaðist við aðgerðir sem þessar og að þeir hefðu verið fjórir í kringum hann. Hinir þrír fangaverðirnir sem voru viðstaddir lýstu atvikinu allir þannig að um skalla hefði verið að ræða og töldu afar ólíklegt að ákærði gæti hafa misstigið sig og fallið. Tók einn það sérstaklega fram að ákærði hefði rykkst höfðinu í átt að fangaverðinum.

Í málinu liggur fyrir myndband af atvikinu. Af því sést þegar ákærði snýr sér til hliðar og skallar fangavörðinn. Ekki er að sjá þess nein merki að ákærði hafi misstigið sig. Með hliðsjón af framburði vitna og framlögðu myndbandi er því sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í III. kafla ákærunnar og er brot hans þar rétt heimfært til refsíákvæða.

Refsing, bótakröfur og sakarkostnaður

Þeir ákærðu sem sakfelldir hafa verið hér að framan eru allir ungir að árum. Háttsemi þeirra var alvarleg og orsakaði skelfilegt ástand í stórum skóla. Ákærðu hafa allir borið því við að þeir hafi verið að verjast árás annarra. Þeir skeyttu hins vegar ekki um áhrif á aðra sem þar voru nálægt og leituðu ekki á neinu stigi til skólayfirvalda eða lögreglu. Einn ákærði hringdi hins vegar í vin sinn sem kom á staðinn vopnaður kylfu og hnífum. Við ákvörðun refsingar ákærðu allra verður litið til þess að nokkuð er liðið frá því að atvik áttu sér stað.

Ákærði Y er fæddur í [...]. Hann hefur verið sakfelldur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og vopnalagabrot. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 8. nóvember 2022, hefur ákærði einu sinni gengist undir lögreglustjórásátt vegna umferðarlagabrota. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að hann var einungis [...] ára að aldri er hann framdi brot sín. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði, en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum

frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Gabríel er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 8. nóvember 2022, hefur hann tvisvar sinnum gengist undir lögreglustjórásátt vegna umferðarlagabrota. Þann [...] 2022 var hann dæmdur til 18 mánaða fangelsis fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr., 1. mgr. 217. gr., 2. mgr. 218. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Þá var hann [...] 2022 dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga og var þar um hegningarauka að ræða. Ákærði hefur í máli þessu verið sakfelldur fyrir nokkrar hættulegar líkamsárásir, sbr. 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, og brot gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Brot hans skv. I. kafla ákærunnar eru hegningarauki við framangreinda dóma og brot hans skv. II. kafla ákærunnar er hegningarauki við síðari dóminn. Í III. kafla ákærunnar er hins vegar um ítrekun að ræða. Ákærði var ungur að árum er hann framdi brot sín, en hann var [...] og [...] ára. Við ákvörðun refsingar verður litið til alvarleika háttsemi hans og verknaðaraðferða. Ákærði sýndi í öllum tilvikum af sér einbeittan ásetning og á sér engar málsbætur. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og vegna alvarleika háttseminnar og fjölda tilvika þykir ekki unnt að skilorðsbinda hana. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhald sem ákærði sætti 14.–19. janúar 2021.

Ákærði Z er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 8. nóvember 2022, hefur hann ekki áður gerst sekur um refsivert brot. Ákærði hefur verið fundinn sekur í tveimur ákæruliðum, annars vegar um brot gegn 1. mgr. 217. gr. og hins vegar 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar hans verður, auk framangreinds, litið til þess að hann var einungis 16 ára að aldri er brotin voru framin. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði, en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Þ er fæddur í [...] og var [...] ára er hann framdi brot sín. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 8. nóvember 2022, hefur hann ekki áður gerst sekur um refsivert brot. Ákærði hefur verið fundinn sekur um brot í tveimur liðum ákærunnar, annars vegar fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. og hins vegar 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði, en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru eru gerð upptæk hafnaboltakylfu, tveir eldhúshnífar, skrall og hnúajárn sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

Af hálfu X er krafist miskabóta óskipt úr höndum ákærðu Gabríels, Þ og Y, að fjárhæð 2.000.000 króna. Ákærði Y var ekki ákærður fyrir brot gegn X og verður því ekki fallist á bótakröfu á hendur honum. Ákærðu Gabríel og Þ hafa hins vegar í ákærulið I.3 verið sakfelldir fyrir brot gegn X. Brotapoli á rétt á miskabótum með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þáttur ákærðu í brotinu var mismikill og verður ákærða Gabríel gert að greiða honum 450.000 krónur í miskabætur, en ákærða Þ gert að greiða þar af óskipt með ákærða Gabríel 200.000 krónur í miskabætur. Ber krafan vexti eins og í dómsorði greinir.

Af hálfu Z er krafist miskabóta óskipt úr höndum ákærðu Gabríels, Þ og Y, að fjárhæð 2.000.000 króna. Ákærði Y var ekki ákærður fyrir brot gegn Z og verður því ekki fallist á bótakröfu á hendur honum. Ákærði Þ hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn Z í ákærulið I.2 og þykir brotapolí eiga rétt á miskabótum með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem þykja hæfilega ákveðnar 300.000 krónur. Ákærði Gabríel var sakfelldur fyrir brot gegn Z í ákærulið I.3 með því að hafa slegið tvívegis með hafnaboltakylfu í áttina að honum. Þótt kylfan hafi ekki lent á honum heldur öðrum manni er háttsemin til þess fallin að valda miska og þykja bætur til Z úr hendi ákærða Gabríels hæfilega ákveðnar 50.000 krónur. Miskabæturnar bera vexti eins og í dómsorði greinir.

Af hálfu B er krafist miskabóta óskipt úr höndum ákærðu Gabríels, Þ og Y, að fjárhæð 2.000.000 króna. Ákærði Þ var ekki ákærður fyrir brot gegn B og verður því ekki fallist á bótakröfu á hendur honum. Ákærðu Gabríel og Y hafa verið sakfelldir fyrir brot gegn B í ákærulið I.4. Brotapoli á rétt á miskabótum með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykir ekki verða greint þannig á milli háttsemi ákærðu í þessu broti að áhrif hafi á bótakröfuna. Verður ákærðu Gabríel og Y því gert að greiða brotapolá óskipt 500.000 krónur í miskabætur. Ber krafan vexti eins og í dómsorði greinir.

Af hálfu Þ er krafist miskabóta óskipt úr höndum ákærðu X og Z að fjárhæð 1.500.000 krónur. Ákærði X hefur verið sýknaður af broti gagnvart Þ í ákærulið I.1 og verður bótakröfu á hendur honum því vísað frá dómi, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008. Ákærði Z hefur hins vegar verið sakfelldur fyrir brot gegn Þ í ákærulið I.1 og varðar brotið við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Þykir brotapolí eiga rétt á miskabótum með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem þykja hæfilega ákveðnar 250.000 krónur. Ber krafan vexti eins og í dómsorði greinir.

Af hálfu Y er krafist miskabóta úr höndum ákærða Z að fjárhæð 1.000.000 króna. Ákærði Z hefur verið sakfelldur fyrir brot gagnvart Y í ákærulið I.4. Þykir brotapolí eiga rétt á miskabótum með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem þykja hæfilega ákveðnar 300.000 krónur. Ber krafan vexti eins og í dómsorði greinir.

Af hálfu brotapolans C er krafist skaðabóta úr höndum ákærða Gabríels að fjárhæð 1.528.980 krónur. Krafan sundurliðast þannig að 28.980 krónur eru vegna

þjáningabóta, sbr. 1. mgr. 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en 1.500.000 krónur vegna miska. Árás ákærða á hendur brotapolanum C var tilefnislaus og sérlega fólkskuleg. Afleiðingar brotsins voru alvarlegar fyrir brotþola og hann hefur enn ekki náð sér að fullu. Ákærði hefur ekki andmælt kröfu um þjáningabætur og verður á hana fallist. Þá á brotþoli rétt á miskabótum með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja bæturnar hæfilega ákveðnar 750.000 krónur og bera þær vexti eins og í dómsorði greinir.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Páls Kristjánssonar lögmanns, 2.832.408 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

Helmingur þóknunar réttargæslumanns brotþola Þ, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 301.320 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

Ákærði Y greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 1.461.402 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola B, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, óskipt með ákærða Gabríel, 441.936 krónur.

Ákærði Gabríel greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Lilju Margrétar Olsen lögmanns, 3.882.537 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola X, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, óskipt með ákærða Þ, 441.936 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola Z, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, óskipt með ákærða Þ, 441.936 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola B, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, óskipt með ákærða Y, 441.936 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola C, Guðmundar Njál's Guðmundssonar lögmanns, 1.041.965 krónur.

Ákærði Z greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 2.621.484 krónur, helming þóknunar réttargæslumanns brotþola Þ, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 301.320 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola Y, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 301.320 krónur.

Ákærði Þ greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 1.506.600 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola Z, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, óskipt með ákærða Gabríel, 441.936 krónur og þóknun réttargæslumanns brotþola X, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, óskipt með ákærða Gabríel, 441.936 krónur.

Við ákvörðun þóknunar til lögmanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ákærðu Y, Gabríel, Z og Þ greiði óskipt 408.624 krónur í annan sakarkostnað. Þá greiði ákærði Gabríel 55.792 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigrún Inga Guðnadóttir aðstoðarsaksóknari. Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, er sýknaður af kröfum ákæruvaldsins.

Ákærði, Y, sæti fangelsi í sex mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði, Gabríel Douane Boama, sæti fangelsi í tvö ár. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhald sem ákærði sætti 14.–19. janúar 2021.

Ákærði, Z, sæti fangelsi í sex mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði, Þ, sæti fangelsi í sex mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu sæti upptöku á hafnaboltakylfu, tveimur eldhúshnífum, skralli og hnúajárni.

Einkaréttarkröfu Þ á hendur ákærða X er vísað frá dómi.

Ákærði Gabríel greiði X 450.000 krónur og ákærði Þ greiði þar af óskipt með ákærða Gabríel 200.000 krónur, ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. janúar 2021 til 23. desember 2022 en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði Þ greiði Z 300.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. janúar 2021 til 23. desember 2022 en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði Gabríel greiði Z 50.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. janúar 2021 til 23. desember 2022 en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærðu Gabríel og Y greiði B óskipt 500.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. janúar 2021 til 23. desember 2022 en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði Z greiði Þ 250.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. janúar 2021, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá 23. desember 2022 til greiðsludags.

Ákærði Z greiði Y 300.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. janúar 2021, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá 23. desember 2022 til greiðsludags.

Ákærði Gabríel greiði C 778.980 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. mars 2022 þar til 23. desember 2022 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Páls Kristjánssonar lögmanns, 2.832.408 krónur, greiddast úr ríkissjóði.

Helmingur þóknunar réttargæslumanns brotþola Þ, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 301.320 krónur, greiddast úr ríkissjóði.

Ákærði Y greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 1.461.402 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola B, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, óskipt með ákærða Gabríel, 441.936 krónur.

Ákærði Gabríel greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Lilju Margrétar Olsen lögmanns, 3.882.537 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola A, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, óskipt með ákærða Þ, 441.936 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola Z, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, óskipt með ákærða Þ, 441.936 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola B, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, óskipt með ákærða Y, 441.936 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola C, Guðmundar Njáls Guðmundssonar lögmanns, 1.041.965 krónur.

Ákærði Z greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 2.621.484 krónur, helming þóknunar réttargæslumanns brotþola Þ, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 301.320 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola Y, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 301.320 krónur.

Ákærði Þ greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 1.506.600 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola Z, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, óskipt með ákærða Gabríel, 441.936 krónur og þóknun réttargæslumanns brotþola X, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, óskipt með ákærða Gabríel, 441.936 krónur.

Ákærðu Y, Gabríel, Z og Þ greiði óskipt 408.624 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði Gabríel greiði 55.792 krónur í annan sakarkostnað.

Barbara Björnsdóttir